

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 313

apríl 2019



We Serve

Apríl 2019. Blað nr. 313
THE LION IN ICELANDIC
Fjöllumdæmi 109
Multiple District 109 Iceland
Opinbert málgagn Lions Clubs
International, gefið út í umboði
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu
tungumálum: Dönsku, ensku,
farsí, finnsku, flæmsku, frönsku,
grísku, hollensku, íslensku,
ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku,
norsku, portúgölsku, spænsku,
sænsku, tælensku, tyrknesku og
þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út
í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári,
fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í
netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í
netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201
Kópavogur er opin alla virka daga frá
kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna

Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ

FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2018 – 2019

Fjöllumdæmisstjóri: Björg Bára
Halldórsdóttir, Lkl. Rán.

Umdæmisstjóri 109A: Geirþrúður F.
Bogadóttir, Lkl. Æsa.

Umdæmisstjóri 109B: Sigfríð
Andradóttir, Lkl. Búðardals

Fjöllumdæmisritari: Guðmundur Helgi
Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.

Fjöllumdæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,
Lkl. Vitaðsgjafi.

Fráfarandi fjöllumdæmisstjóri: Jón
Pálmason, Lkl. Víðarr

Vara fjöllumdæmisstjóri: Ellert
Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar.

Protokol- og þingstjóri: Kristinn
Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Víðarr
Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Björn Guðmundsson,
Lkl. Hæng.

Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson,
Lkl. Fjörgyn.

Ritsstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell
Cýrusson, Lkl. Búðardals.

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,
Lkl. Vitaðsgjafi.

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):

Jón Gröndal, Lkl. Njörður.

GMT/konur í Lions: Hrund

Hjaltadóttir, Lkl. Fold

GST stjóri: (verkefni) Pálmi

Hannesson, Lkl. Garði.

NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason,
Lkl. Víðarr

Alþjóðaforsæti Lions: Guðrún Björt
Yngvadóttir, Lkl. Eik.

Lestrarátaksstjóri: Dagný S. Finns-
dóttir, Lkl. Úa.

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni
Þorsteinsson fyrrv.

alþjóðastjórnarmaður,
Lkl. Mosfellsbæjar.

Hjálparstjóri: Kristinn G.

Kristjánsson, Lkl. Hveragerðis.

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís

Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.

Laganefnd (form.): Gissur Júní

Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Kristinn Hannesson,

Lkl. Mosfellsbæjar.

Lions Quest stjóri: Hrund Hjaltadóttir,

Lkl. Fold

MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir,

Lkl. Eik.

MedicAlert gjaldkeri: Margrét

Jónsdóttir, Lkl. Fold

MedicAlert ritari: Anna Kristín

Gunnlaugsdóttir, Lkl. Fold

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,

Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar. Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi.

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.

Skoðunarmaður (vara): Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Varaumdæmisstjóri 109A: Jóhanna

Thorsteinsson, Lkl. Eir

Varaumdæmisstjóri 109B: Bragi

Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A:

Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynkur.

Varaumdæmisstjóri (annar) 109B:

Guðjón Andri Gylfason, Lkl. Hængur.

Framkvæmdastjórn:

Lionsshreyfingarinnar 2018 – 2019:

International President: Guðrún Björt

Yngvadóttir Ísland

Immediate Past President: Naresh

Aggarwal Indland

First Vice President: Jung-Yul Choi

Suður Kórea

Second Vice President: Haynes

Townsend, USA

Third Vice President: Brian E. Sheehan,

USA


Fjöllumdæmisstjórn:



Björg Bára Halldórsdóttir,
fjöllumdæmisstjóri. Björg
Bára er félagi í Lions-
klúbbum Rán. Ef þú
þarft að hafa samband við
hana þá er netfang
hennar: bjorgbara@
simnet.is



Geirþrúður Fanney
Bogadóttir, umdæmisstjóri
109 A. Geirþrúður er
félagi í Lionsklúbbum
Æsu. Ef þú þarft að hafa
samband við hana þá er
netfang hennar:
gfb@ismennt.is



Sigfríð Andradóttir,
umdæmisstjóri 109 B.
Sigfríð er félagi í Lionsklúbbum
Búðardals. Ef þú þarft að
hafa samband við hana þá
er netfang hennar:
sigfrida@simnet.is

First Year Directors:

Muhammad Adrees,
Qazi Akram Uddin Ahmed,
Shoichi Anzawa,
Billy J. (B.J.) Blankenship,
Gary F. Brown,
Rodolfo Espinal,
Liao-Chuan Huang,
Jongseok Kim,
Dr. Nawal Jugalkishor Malu,
Geoffrey Leeder,
Mark S. Lyon,
Heimo Potinkara,
JP Singh,
Steve Thornton,
Juswan Tjoe,
A. Geoffrey Wade,
Dr. Walter Zemrosser.

Second Year Directors:

Doo-Hoon Ahn,
Sandro Castellana,
Hastings E. Chiti,
William Galligani,
Thomas Gordon,
Nicolás Jara Orellana,
Ardie Klemish,
Alice Chitning Lau,
Connie Lecleir-Meyer,
Virinder Kumar Luthra,
Datuk K. Nagaratnam,
Don Noland,
Regina Risken,
Yoshio Satoh,
Patricia Vannett,
Gwen White.
Nicholas Xinopoulos/Jennifer Ware
Jaepung Yoo

Upplag: Upplag: 2400 eintök

Pökkun og dreifing: Lionskl. Eir

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Hótel Íslendinganna á
alþjóðþingi Lions í Milanó 2019.

Byggið á sterkum grunni til sterkrar framtíðar

Pistill Alþjóðaforseta



Þegar byggt er hús, þá er mest áriðandi að grunnurinn sé sterkur til að bera uppi þau herbergi, húsgögn og það mannlíf sem þar á að vera.

Í þjónustu okkar er jafn nauðsynlegt að hafa sterkann grunn til að halda uppi vinnu okkar. Alþjóðahjálparsjóður Lions (LCIF) er sá

grunnur. Hann gerir lionsfélögum kleift að framkvæma þá vinnu sem annars væri utan seilingar.

En án framlaga frá lionsfélögum og vinum, þá væri LCIF ekki nógu sterkt afl til að styðja við alla þá vinnu sem annars þarf að framkvæma. Hann væri ekki nógu sterkur til að styðja fjármögnun til lagna á vatnsleiðslum í Malawi eða prógrami fyrir jafnrétti kynjana hjá ungu fólki í Indlandi. Það væri heldur ekki hægt að senda neyðaraðstoð til fólks í Kaliforníu þar sem skógarældar æddu yfir og eyddu bænum þeirra og eyðilagði allt. Á þessari stundi virðist allt þetta vera fjarlægð þínum heimabæ og þarfa þíns samfélags. Þú ert kannski að beina sjónum þínum að skýli fyrir heimilislausa sem vantar mat eða grunnskóla sem vantar nýjan leikfimisall. Og einmitt núna er klúbburinn þinn kannski með söfnun fyrir þessum framkvæmdum. En einn góðan veðurdag þarfnast samfélag þitt kannski aðstoðar LCIF.

Og LCIF verður til reiðu fyrir samfélag þitt. En aðeins vegna þess að milljónir lionsfélaga um heim allan, álítur þinn heimabæ jafn nauðsynlegan og þeirra eigin. Mottóið er „Ég vil hjálpa þar sem þörf er hvar sem er“. Það er þannig sem við styðjum við hvort annað. Þannig höfum við byggt upp heim samtengdra samfélaga. Þetta er heimur Lions.

Þess vegna er nauðsynlegt núna þegar svo mörg verkefni blasa við um allan heim, að lionsfélagar einbeiti sér að þeim og deili út þeim stuðning sem LCIF gerir þeim kleift.

Eftir allt þá gæti þitt samfélag þarfnast aðstoðar næst.

Ykkar,

Guðrún Björt Yngvadóttir
Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson



Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er fimmta tölublað þessa starfsárs komið út sem er prentað blað.

Ýmsar áhugaverðar greinar eru í þessu blaði og hvet ég félagsmenn til að lesa þær, eins er umfjöllun um þingið sem verður 27. apríl næst komandi. Það er aldrei of oft sagt að það er ákaflega mikilvægt að klúbbar sendi embættismenn sína á þingið til að fara í skólana og fá fræðslu um starfið sem er framundan hjá þeim starfsárið 2019-2020. Við lifum á þannig tímum að breytingar eru mjög örar og það á einnig við um hreyfinguna okkar svo það er nauðsynlegt að félagar kynni sér þær og eru skólarnir vettvangurinn til þess.

Umdæmisstjóraráð hefur verið að fjalla um breytingar á dreifingu blaðsins og vænti ég að ykkur verði kynntar þær mjög fljótlega ef ekki nú þegar. Nú verða bara tvær leiðir við dreifingu annað hvort fá menn blaðið sent á sinn kostnað eða þurfa að lesa það í pdf formi á heimasíðu lions og eins fá allir félagar blaðið sent í tölvupósti. Það þarf auðvitað ekki að taka fram að þetta á við prentuðu blöðin. Bréf það sem ráðið sendi út er birt í þessu blaði og er það ábyrgð formanna klúbbana að kanna vilja félagsmanna og koma þeim upplýsingum til skrifstofu Lions á Íslandi.

Margt er framundan hjá okkur í hreyfingunni á næstu vikum m.a. er alþjóðafundur hér í byrjun apríl en þá kemur alþjóðastjórn Lions til Íslands og fundar hér.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, *Porkell Cýrusson ritstjóri*

Skilafrestur á efni í næsta blað er 16. maí

Á spjalli við Guðrúnu Björt



Við stýrnar höfum verið að velta fyrir okkur stöðu kvenna í Lions, ekki einungis á Íslandi heldur einnig á heimsvísu. Guðrún Björt, alþjóðaforseti Lions, var svo vinsamleg að gefa sér tíma til að ræða þessi mál við okkur.

Frá því að Guðrún Björt bauð sig fram sem 2. varaforseti hefur konum fjölgað mikið í hreyfingunni. Á þessu ári, mest í Austur-Asíu; Japan, Kóreu og í Tælandi. Vonandi sýnir það sig einnig í lok árs, það er betra að tala varlega um félagafjölda því það eru alltaf einhverjir skráðir út í lok starfsárs, 30. júní. Um síðustu áramót voru konur einungis 1% þeirra sem höfðu hætt á starfsárinu en karlar 99%.

Síðustu tvö ár fjölgaði konum mest í Suður-Ameríku og var hlutfallið orðið 50% konur og 50% karlar en aðeins 25% konur í leiðtogastörfum. Þar hefur konum fækkað í ár og ein af ástæðunum er að þær komast ekki í leiðtogastörf.

En á heimsvísu er mikil aukning kvenna í leiðtogahlutverkum. Breytinguna má rekja til þess þegar Guðrún Björt var kosin 2. varaforseti. Það voru skýr skilaboð frá alheims yfirstjórn Lions um stuðning við framgang kvenna í hreyfingunni. Nú eru mörg lönd með konu sem fjölumdamisstjóra í fyrsta sinn og líka konu í embætti umdamisstjóra í fyrsta sinn. Einnig er algengara að konur séu í stjórnnum fjölumdæma og umdæma. Umdæmi styðja við framgang kvenna, augu fólks hafa opnast og sérstaklega hefur liðkast um þar sem konur hafa hingað til ekki notið sannmælis.

Sjálfsraust kvenna hefur styrkst vegna þess að þær sjá að þær eiga möguleika á framgangi. Konur vilja hafa áhrif, hafa jafnan rétt til framgangs til að bæta og styrkja Lions, að vera með í að taka ákvarðanir og að á þær sé hlustað.

Heimsóknir Guðrúnar til hinna ýmsu landa hafa opnað dyr af því að hún er fyrsta konan. „Löndin“ eru stolt af að kynna fyrir henni kven-leiðtoga, ráðherra, borgarstjóra o.s.frv.

Nokkuð víða hefur Leiðtogaskólinn ekki verið aðgengilegur fyrir konur en það er líka að breytast.

„NewVoices“ var ýtt úr vör í byrjun starfsársins. Guðrún var ítrekað spurð að því hvort hún ætlaði ekki að gera eitthvað sérstakt fyrir konur, hún hafði ekki hugsað sér það heldur beina sjónum sínum að öllum félögum. Vegna hvatningar ákvað hún að nýta byrinn til að koma af stað New Voices sem snýst mikið um markaðsmál, jákvæðar sögur. Átakið er hugsað sem langtíma töl til að fjölga í Lions og hefur hjálpað bæði konum og körlum.

Guðrún upplifir mikinn árangur. Baráttan er að skila sér og þá helst þar sem konur hafa átt undir högg að sækja.

Dr. Jung-Yul Choi næsti alheimsforseti kemur frá Kóreu. Hans áherslur eru á fjölskylduaðild, þ.e. börn og maka Lionsfélaga. Í Kóreu hefur ekki verið hefð fyrir því að konur taki þátt í góðgerðarmálum, en það er að breytast og bæði Kóreska Lionsyfirstjórnin og Choi setja sér það markmið núna að fjölga konum. Reyndar hafa Kóreskir Lionsfélagar sett sér það markmið á 60 ára afmæli Lions í landinu 2020 (sama ár og Choi verður forseti 2019-20), að fjölga um 20.000, úr 80.000 í 100.000 félaga.

Ótal rannsóknir sýna það að við erum sterkari saman, konur og karlar. Einnig hafa þær sýnt fram á að jafnt hlutfall karla og kvenna í stjórnnum fyrirtækja verður til þess að laða að ungt fólk af báðum kynjum.

Þetta er ánægjuleg þróun og á að öllum líkindum eftir að gera Lions gott í framtíðinni. Við hvetjum fólk, ekki síst konur, sem er annt um sitt samfélag og vill láta gott af sér leiða að ganga til liðs við Lionsklúbb á sínu svæði. Við tökum vel á móti ykkur í okkar góða hóp og viljum að raddir ykkar heyrast sem víðast, líka í forystunni.

Með vináttu leggjum við lið.
Björg Bára fjölumdamisstjóri 109
Geirprúður umdamisstjóri 109A
Sigfríð umdamisstjóri 109B



Munið minningarkort Lions
Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu
Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Konur og Lions



Á þessu ári eru 32 ár síðan konur fengu rétt til að ganga í Lionsklúbba. Fyrsta konan til að ganga í Lionsklúbb á Íslandi var Jenný Kamilla Harðardóttir sem gekk í Lkl. Garð, þann 1. október 1987. Af þeirri ástæðu er Jenný er oft nefnd „First Lady“ af klúbbfélögum sínum.

Það er áhugavert að skoða hvernig íslenskum konum hefur gengið í þessu „fyrnum karlaveldi“. Þegar litið er á hlutfall kvenna og karla í umdæmunum, kemur í ljós að það hallar enn töluvert á hlut kvenna. Staðan er þó mun betri í B-umdæminu, en í febrúar s.l. var hlutfall kvenna þar 37,90% en ekki nema 20,29% í A-umdæminu. Þó skal tekið fram fram að í A-umdæminu starfar fjölmennur Lionessklúbbar, en félagar í Lionessklúbbum eru ekki á skrá hjá Alþjóðahreyfingunni og teljast því ekki með.

Eins og sjá má hér að neðan, þá hafa Lionskonur á Íslandi látið nokkuð til sín taka í forystu hreyfingarinnar í gegnum árin en betur má ef duga skal. Í dag er mikil vakning fyrir því að fá konur til starfa í framvarðasveit hreyfingarinnar og við hvetjum allar Lionskonur til að gefa kost á sér til embættisstarfa, bæði í klúbbunum sínum og í umdæmunum.

Í fyrsta sinn í 101 árs sögu Lions í heiminum er Íslendingur alþjóðaforseti og hún er jafnframt fyrsta konan í sögunni sem gegnir þessu embætti.

Guðrún Björt Yngvadóttir, alþjóðaforseti Lions 2018 - 2019, Lkl. Eik, Garðabæ.

Í fyrsta sinn á Íslandi og jafnframt í heiminum, eru æðstu leiðtogar fjölumdæmis konur 2018 - 2019.

Björg Bára Halldórsdóttir, fjölumdæmisstjóri MD109, Lkl. Rán Ólafsvík

Geirþrúður Fanney Bogadóttir, umdæmisstjóri 109A, Lkl. Æsa Njarðvík

Sigfríð Andradóttir, umdæmisstjóri 109B, Lkl. Búðardals

Konurnar sem hafa verið umdæmisstjórar á Íslandi

109A	109B
Laufey Jóhannsdóttir, 1995-1996, Lkl. Eik, Garðabæ	Hrund Hjaltadóttir, 1999-2000, Lkl. Fold, Reykjavík
Þórunn Gestsdóttir, 2003-2004, Lkl. Eir, Reykjavík	Áslaug Þórarinsdóttir, 2007-2008, Lkl. Búðardals
Guðrún Björt Yngvadóttir, 2008-2009, Lkl. Eik, Garðabæ	Bjarney Jörgensen, 2011-2012, Lkl. Rán, Ólafsvík
Kristín Þorfinnsdóttir, 2010-2011, Lkl. Embla, Selfossi	Björg Bára Halldórsdóttir, 2016-2017, Lkl. Rán, Ólafsvík
Geirþrúður Fanney Bogadóttir, 2018-2019, Lkl. Æsa, Njarðvík	Sigfríð Andradóttir, 2018-2019, Lkl. Búðardals

Fyrstu konurnar sem voru svæðisstjórar á Íslandi

Þórunn Gestsdóttir, 109A, 1993-1994	Hrund Hjaltadóttir, 109B, 1995-1996
-------------------------------------	-------------------------------------

Konurnar sem hafa verið fjölumdæmisstjórar á Íslandi

1) Laufey Jóhannsdóttir, Lkl. Eik, Garðabæ 1996 – 1997 <i>Laufey var fyrst kvenna í Evrópu til þess að vera fjölumdæmisstjóri</i>
2) Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold, Reykjavík 2000 – 2001
3) Þórunn Gestsdóttir, Lkl. Eir, Reykjavík 2004 - 2005
4) Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik, Garðabæ 2009 – 2010
5) Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán, Ólafsvík 2018 - 2019

Fyrstu kvennaklúbbarnir á Íslandi sem áður voru Lionessklúbbar

Lkl. Eir, Reykjavík, stofndagur 12. janúar 1988
Lkl. Eik, Garðabæ, stofndagur 18. febrúar 1988

Fyrsti kvennaklúbburinn á Íslandi, sem er stofnaður sem Lionsklúbbur

Lkl. Embla, Selfossi, stofndagur 3. apríl 1989
--

Í framboði til umdæmisstjóra 109A, 2019-2020

Jóhanna Thorsteinson, Lkl. Eir, Reykjavík

Í framboði til 2. vara-umdæmisstjóra, 2019-2020

109A: Póra Bjarney Guðmundsdóttir, Lkl. Eir, Reykjavík	109B: Anna Blöndal, Lkl. Ylfa, Akureyri
--	---

Björg Bára fjölumdæmisstjóri 109
Geirþrúður umdæmisstjóri 109A
Sigfríð umdæmisstjóri 109B



Fleiri en ein leið til þess að leggja lið

Úr ársskýrslu LCIF 2017-2018



„Enginn hefur nokkru sinni orðið fátækur við að gefa.” - Anna Frank

Lionsmenn láta verkin tala og mörg eru verkin sem þarf að vinna í heiminum. Við finnum til vellíðunar þegar við leggjum lið – hvort sem það er við að negla spýtu í nýtt húsnæði fyrir fórnarlamb hvirfilbyls, ausa súpu á disk fyrir svangt barn, eða fylgja gamalli konu í hennar fyrstu skönnun vegna sykursýki, öll uppskerum við þakklæti fyrir hjálpa.

En hvað ef engir peningar væru til þess að kaupa naglana, borga fyrir rafmagnið í eldavélina, eða kaupa tækin til að skanna sykursjúka? Hvar værum við stödd án fjárgafa? Er gjöf kannski einhverskonar verk?

Campaign 100 mun hjálpa LCIF að breyta samfélögum nær og fjær til hins betra. Til viðbótar upplýsingum um ástand jarðar, Campaign 100 og hvernig Lions geta í auknum mæli sinnt manúðarmálum, birtum við stutta kafla úr ársskýrslu LCIF 2017-2018. „Ég hef dáðst að Lionsstarfinu síðan ég gekk til liðs við þessa ótrúlegu hreyfingu 1978. En árið sem ég gegndi stjórnarformennsku í LCIF opnuðust augu mín enn frekar fyrir öllum þeim góðu verkum sem Lions sinnir með styrkjum og ráðgjöf frá sjóðnum.” Bob Corlew fv. alþjóðaforseti og formaður LCIF 2017-2018.

Listinn yfir aðkallandi verkefni er langur

Tvö hundruð fimmtíu og þrjár milljónir manna eru blindar eða sjónskertar og spáð er að þessi tala geti þrefaldast til ársins 2050. Hlýnun jarðar veldur stöðugt fleiri náttúruhamförum, sem rænir saklaust fólk heimilum sínum, atvinnu og lífi. Árið 2025 mun helmingur jarðarbúa lifa við vatnsskort. Tvö hundruð fjörutíu og fimm manns deyja hvern dag úr mislingum, sem mætti auðveldlega koma í veg fyrir með öruggu og ódýru bóludefni, tveir þriðju barna segjast vera fórnarlömb eineltis. Fjögur hundruð tuttugu og fimm milljónir manna eru með sykursýki og getur sú tala hækkað í næstum 630 milljónir árið 2045. Á hverju kvöldu fara meira en 820 milljónir svangar í rúmið. Aðra hverja mínútu greinist barn með krabbamein.

Þetta eru stór vandamál sem kalla á nýjar lausnir og fjármagn sem tryggir breytingar.

Lions finnur lausnirnar, LCIF leggur til fjármagnið

Margir lionsfélagar sem vinna í grasróttinni og takast á við þessar áskoranir, reiða sig á styrki úr Alþjóðahjálparsjóði Lions (LCIF). Þessir styrkir væru ekki fyrir hendi ef ekki kæmi til örlæti lionsfélaga og vina þeirra sem gefa peninga í sjóðinn.

100 ástæður

Á afmælisári Lions 2018-2019 var metnaðarfullstu fjáröflun LCIF frá upphafi hleypt af stokkunum. Campaign 100 er í fullum gangi núna og er leitast við að ná til hvers einasta lionsfélaga.

Nafn söfnunarinnar vísar til eitt hundruð ára afmælisárs Alþjóða Lionshreyfingarinnar. Hjálparsjóðurinn fer fram á að eitt hundruð prósent lionsfélaga, þ.e.a.s. sérhver félagi, gefi jafngildi 100 US\$ fyrir hvert ár þessi þrjú ár sem söfnunin er í gangi. Með því að setja markið svona hátt, mundi það gera Lions kleift að leggja hundruðum milljóna lið og tryggja þannig betri heim að eitt hundruð árum liðnum.

Þetta er háleitt markmið, en frásagnir af mikilvægum verkefnum sem lionshreyfingin er að vinna við, undirstrika hve nauðsynlegt er að hreyfingin njóti áframhaldandi styrkja.

Fjárframlag þitt í LCIF skilar ávinningi

Hér eru nokkur dæmi um það sem hefur áunnist:

Búið með reisu í Suður Kóreu

Nýtt, hreint, nútímalegt, öruggt, - viðeigandi lýsing á nýju húsnæði og núverandi heimili fyrir 50 karlmenn með þroskahömlun og alvarlega fötlun.



Íbúar í vernduðu húsnæði sem Lions reisti í Seoul, Suður Kóreu við vinnu sína í nýju rými.

Fellibylur veldur usla í Puerto Rico, LCIF bregst við

16. september 2017. Í hugum sumra er það versti dagur í sögu Puerto Rico. Þetta var dagurinn þegar fellibylurinn María olli fordæmalausri eyðileggingu á eyjunni. Þetta er líka dagurinn þegar Lions setti í gang aðstoð fyrir fórnarlömb óveðursins sem skildi eftir sig slóð dauða og eyðileggingar. Þrátt fyrir flóð, slitnar rafmagnslínur, ófæra vegi og hrunin hús, braut Lions sér leið til eyjarskeggja færandi hjálp og von.



Lionsklúbbarinn í Puerto Rico brugðust skjótt við eftir að fellibylurinn María lagði eyjuna í eyði.

Munaðarleysingjahæli í Úkraínu setur lestur “undir stækkunarglerið”

Í Úkraínu eru 27 munaðarleysingjahæli sérstaklega ætluð fyrir sjónfatlaða, þ.e. blind, eða sjónskert börn. Flest hæli geta sinnt grunnþörfum sjónfatlaðra en fá hafa yfir að ráða sérhæfðum sjóntækjum sem börnin þurfa til þess að ná árangri í námi. Lestur og lærdómur reyndust þeim erfið, olli uppgjöf og tafði fyrir þroska þeirra.



Sjónskertur nemandi í munaðarleysingjahæli í Úkraínu nýttir sér eitt af 45 rafrænum stækkunarglerjum, gefin af Lions til þess að auðvelda nemendum námið.

Hér er á myndunum fyrir neðan eru nokkur dæmi um þar sem lionsshreyfingin hefur beitt sér til þess að gera lífið betra hjá þeim sem eiga í erfiðleikum:



Ungmennir í Indlandi fá fræðslu um jafnrétti kynjanna. Markmiðið er að draga úr kynbundnu ofbeldi.



Nemar í búðum fyrir sykursjúka sem styrktar eru af Alþjóðahjálparstöðum læra að lifa með sjúkdóminum og geta líka skemmt sér.



Fyrir tilstilli Lions fær hópur vannæðra barn á Filippseyjum nú reglulega að borða.



Eftir að Lions kom upp vatnsbrunnnum í mörgum byggðarlögum í Malaví geta íbúarnir þar nú fengið hreint vatn.

Það sem við gefum til Alþjóðahjálparstöðsins kemur oft til baka

Þó að lionsfélagar tilheyri alþjóðlegum samtökum er nærumhverfið þeim oftast efst í huga. Sumum þykir það kannski til of mikils ætlast að biðja þá einnig um framlög í Alþjóðahjálparstöðinni sem styður við bráðnaúðsynleg verkefni um allan heim. Við leggjum áherslu á að við erum alþjóðleg samtök lionsfélaga og við styðjum verkefni hvers annars, sama hver fjarlægðin milli okkar er. Það gerum við fyrir milligöngu Alþjóðahjálparstöðsins. Stóra hjálparstöðsins okkar allra.

Það sem við leggjum til Alþjóðahjálparstöðsins kemur oft til baka og þá jafnvel í miklu stærri upphæðum með styrkjum frá öðrum lionsfélögum. Styrkir sem við á Íslandi höfum fengið hafa oft á tíðum verið gríðarlega stórir og talsvert umfram það sem við höfum lagt til sjóðsins.

Fleiri sögur um velheppnuð verkefni og hvernig klúbburinn þinn getur haf áhrif má lesa á <https://lionsclubs.org/en/explore-our-clubs/service-stories>.

Viltu vita meira um stærsta fjárfundarátak sem Alþjóðahjálparstöðurinn hefur ráðist í, Campaign 100. Skoðaðu þá þessa síðu <https://www.youtube.com/watch?v=x2oyXsVuiVY>

Áhrif okkar fyrir tilstilli Campaign 100. LCIF Betri og stærri verkefni

Hvernig á að sækja um styrki til Alþjóðahjálparstöðsins.

1. Meta þörfina í þínu samfélagi eða í stærra samhengi
2. Skipa verkefnanefnd sem vinnur með öðrum Lionsklúbbum eða yfirvöldum við að þróa verkáætlun um framkvæmd verkefnisins
3. Kanna hvort og þá hvaða styrkveiting Alþjóðahjálparstöðsins kæmi til greina
4. Fylla út og senda umsóknina til Alþjóðahjálparstöðsins. Umsóknar-eyðublað og leiðbeiningar má finna á lcif.org/grants
5. Verkefnanefndin sér um öll samskipti við Alþjóðahjálparstöðinn og upplýsir um öll vafaatriði
6. Ef verkefnið er samþykkt að stjórn Alþjóðahjálparstöðsins og öll skilyrði uppfyllt mun sjóðurinn greiða út styrkinn og hægt er að hefjast handa við verkefnið.
7. Senda reglulega skýrslu um framgang verkefnisins til Alþjóðahjálparstöðsins.
8. Þegar verkefninu er lokið á að senda lokaskýrslu um verkefnið til Alþjóðahjálparstöðsins. Lögð er áhersla á að verkefnið sé vel kynnt á viðeigandi stöðum.

Frekari upplýsingar um kröfur og tegundir styrkja má finna á lcif.org/grants

Þýðing: Edda Briem og Kristinn Hannesson

NSR – samnorræn verkefni

Árni V. Friðriksson

PCC MD 109 & IRC 2018-2020



Á NSR þinginu sem haldið var hér á landi í janúar 2017 voru samþykkt tvö samnorræn verkefni þar sem ekki þótti fært að gera upp á milli þeirra. Annað var borið fram af Noregi og hitt af Svíþjóð. Verkefni voru það lík að þeim var gefið sameiginlegt nafn: Gleymdu börnin (Forgotten Children) og ganga bæði út á að hjálpa stríðshrjáðum flóttabörnum frá Sýrlandi..



Norska verkefnið er í Líbanon og gengur út á að koma upp afgirtum skólastofum/leikherbergjum þar sem börnunum gefst næði til að leika sér og menntast á öruggu svæði með aðstoð frá kennurum og sálfræðingum.

Einnig er um að ræða verkefni fyrir stríðsflóttabörn í Beka dalnum. Þar eru reistar skólastofur í nánú samstarf er við menntamálaráðuneytið í Líbanon sem sér um kennslu barnanna. Nú er í Bekadalnum unnið að byggingu varanlegs húsnæðis fyrir skóla sem nýtast mun áfram eftir að búið verður að loka flóttamannabúðunum.



Sænska verkefnið er stofnun og rekstur sjúkramiðstöðva í bænum Adana í Tyrklandi fyrir stríðshrjáð flóttabörn frá Sýrlandi.

Í Adana eru um 300.000 flóttamenn og þar af 70.000 börn á skólaaldri. Byggðar hafa verið 48 einingar sem saman standa af 60m2 og 40m2 „gámum“ sem saman mynda tvær stofur en þar fer fram kennsla, föndur og endurhæfing. Þarna eru einnig settar upp sjúkurstofur þar sem hjúkrunarfólk og læknar skoða börn og veita viðeigandi meðferð.

Framlögum NSR sem er USD 90.000 á ári er skipt þannig upp að fyrsta árið (2017-2018) fær norska verkefnið framlag síðan það sænska svo norska og að síðustu það sænska 2021.

Sótt er um framlag í bæði þessi verkefni til LCIF en hvort land um sig ber ábyrgð á fjármögnun. Danska fjölumdæmið hefur einnig komið að Líbanon verkefninu með myndarlegu framlagi auk margra Lionsklúbba.



Finnar halda enn úti verkefni í Kenía sem var NSR verkefni 2015 – 2017 og nefnt er sólar ofn (Solar Cookers) og notast til að baka brauð í stað þess að baka við eld. Þeir hafa framleitt yfir 1600 ofna og gera ráð fyrir að verkefninu ljúki fyrir lok 2019.

Þar sem þessum NSR verkefnum lýkur 2021 þarf að fara að undirbúa það verkefni sem tekur við (2021-2023) því tillögur þyrfti að vera hægt að leggja fyrir fund fjölumdæmisstjórnanna á næsta Evrópuþingi sem verður í Tallín í haust.

Leiðbeiningar við að halda kynningarfund

Jón Pálmason

félagafulltrúi 109A



Í klúbbunum okkar eru nánast undan-
tækingarlaust möguleikar á að bæta við
félögum. Þetta á alls staðar við hvort sem Lions-
klúbbar eru sterkir eða veikir. Ekki síður þar
sem hefur orðið fækkun. Ef einhver heldur að
ekki sé hægt að fjölga í klúbbi sem er í lægð,
eða stofna nýjan, þá er það oftast misskilningur.

Við hvetjum til að haldnir séu kynningar-
fundir. Þar sem klúbbar eru fyrir, er mikilvægt
að klúbbfélagarnir taki þátt og séu tengiliðir
við nágrennið og hjálpi til eða standi fyrir
fundinn.

Það krefst nokkurs undirbúnings að halda
kynningarfund.

Skrefin geta verið eftirfarandi:

1. **Klúbbfélagar þurfa að ræða** hvort þeir í
raun óski eftir nýjum félögum í klúbbinn.
Ekki þýðir að fara af stað nema að það sé
samhljómur um að óskað sé eftir nýjum
félögum.
2. **Gera skal áætlun um að fjölga** og fara yfir
á hvaða mið á að sækja. Hvernig félagi er
klúbburinn að leita að. Eiga þeir að vera
yngri eða á sama róli og þeir sem fyrir eru.
Til dæmis:
 - a. ættingjar, það er börn og tengdabörn
 - b. vinnufélagar
 - c. nágrennar, það er þeir sem búa í samfélaginu
 - d. fyrrverandi nágrennar, sem vilja halda
tengslum við gömlu sveitina sína.
 Gott er að gera áætlun um ákveðinn fjölda sem
markmið.



Kristín Þorfinnsdóttir Lkl. Emblum á Selfossi segir frá, starfi Lions á nýliðnum kynningarfundum á Flúðum.

3. **Við framkvæmd fundarins** þarf að setja
upp **dagskrá** sem er til þess fallin að laða
til fundarins nýtt fólk. Fyrir fundinn þarf að
hafa samband við þá einstaklinga sem
ákveðið er að bjóða. Einnig er hægt að
senda út boð á Facebook og með dreifbréfi.
Ein leið er að óska eftir að félagar komi með
minnst einn gest hver. Ef verið er að tala
um nýjan klúbb þar sem ekki er neinn fyrir,
er lykilatriði að sjá um að einhverjir komi.
Á fundinum þurfa að vera einhverjir sem hafa
það hlutverk að bjóða gestum að koma og
taka þátt í Lions. Fylgja eftir með símtölum.
Ekki víst að tölvupóstar dugi.
4. **Taka á móti nýjum félögum.** Mikilvægast
er að taka vel á móti nýjum félögum. Leið-
beina þeim um starfið og sjá um að þeir
mæti á fundina. Ef við vinnum í því að fá
félagana til liðs við okkur og klúbburinn er
með áhugaverðum verkefnum og að á fund-
unum er skemmtilegt og vinátta höldum
við félögum.

Þetta er hægt

Það er hægt að ná árangri með að halda
kynningarfund, sjá grein Lkl. Víðarrs, þar sem
hefur fjölgað um 5 eftir kynningarfund haldin
í nóvember.

Við **hvetjum klúbba að hafa frumkvæði
af því að halda slíka fundi.** Við í félagateyminu
erum til reiðu til að hjálpa til.


Gangi ykkur vel

Dæmi um dagskrá kynningarfundar getur verið:


1. Gestir boðnir velkomnir með inngangi
um tilgang fundarinnar
2. Sagt frá starfi klúbbsins eða starfi
klúbba í nágrenninu.
3. Sagt frá verkefnum Lions á svæðinu.
4. Sagt frá áherslum Lions um fjölgun
kvenna og að við eigum íslenskan
alþjóðaforseta Lions Guðrúnu Björt,
fyrstu konuna til að gegna því embætti.
5. Sagt frá alþjóðahreyfingu Lions. 1,46
M félagar, í 212 löndum stofnað 1917
og svo frv.
6. Hægt að sýna myndbönd inn á milli
7. Enda fund á að bjóða til nýs fundar
með nýjum félögum eða bjóða
væntanlegum nýjum félögum að
koma á næsta fund í klúbbnum.

Björgum börnum frá mislingum

Lionsklúbburinn Æsa



Það hafa verið fjölþættar upptökur hjá okkur í vetur. Guðni Már Harðarson prestur í Lindakirkju kom á jólafundinn okkar og var með jólahugvekju. Farin var óvissu ferð í Vogana og lionsklúbburinn heimsóttur þar. Einnig kom Dagný Maggýjar í heimsókn og kynnti bókina sína Á heimsenda. Við vorum með sameiginlegan fund með Lionsklúbba Keflavíkur og Lionsklúbba Njarðvíkur þar sem bæði Geirprúður Fanney Bogadóttir umdæmistjóri og Víðir Guðmundsson svæðisstjóri mættu og eins kom Saga Garðarsdóttir leikkona til okkar og var með skemmtilegt uppstand. Þrír félagar hafa verið teknir inn á starfsárinu.



Guðbjört Ingólfssdóttir

Fleiri eiga skilið að njóta og upplifa það að vera í Lionsklúbba

- Lions er bakhjarl samfélagsins nær og fjær
- Lions er góður félagsskapur
- Lions er menning
- Lions er félagsmálaskóli

Það er góð tilfinning að fá staðfest að verið sé að gera samfélaginu gagn. Það fylgja því ekki síður sælir straumar að tilheyra góðum félagsskap. Góður lionsklúbbur sameinar þetta tvennt. Góðum lionsklúbba er fátt mannlegt óviðkomandi.

Einhverjum kann að finnast þetta væmið upplegg. En greinarhöfundur talar af aldarfjórðungs reynslu, þó ekki sé hann aldraður.

Að undanförunu hafa nokkrir lionsfélagar leitað eftir áhuga á að stofna nýja klúbba og fengið býsna góðar viðtökur.

Víðast hvar á landinu er lionsklúbbur skammt undan. Klúbbarnir leggja samfélagi sínu nær og fjær mikið til með sínu óeigingjarna starfi. Það felast samfélagsleg verðmæti í góðum lionsklúbba og þar sem vel tekst til, tek ég svo djúpt í árinna að segja það góður Lionsklúbbur bæti lífsgæði. Allur gangur er á því hversu vel íbúar á hverju svæði eru meðvitaðir um mikilvægi klúbbanna. Víða kjósa klúbbmeðlimir að vinna sín verk hljóðlega. En

mörg dæmi eru um það, að til dæmis heilsugæslustöðvar og íþróttastarf eigi mikið undir því að Lionsklúbbur svæðisins leggi til fjárhæðir. Á landsvísu er Lionshreyfingin ekki síður að leggja mikið til heilbrigðismála. Má þar nefna augnaðgerðartæki sem gefið var til landspítalans fyrir nokkrum árum og var kostað af Lionsklúbbum í landinu og Alþjóða-hjálparsjóði Lions. Sá sjóður er stærsti hjálparsjóður veraldarinnar. Hann hefur nokkrum sinnum komið við sögu með mjög ríkulegum hætti hér á landi til að mynda í kjölfar jarðskjálfta og eldgosa.

Menningarlega séð eru Lionsklúbbar mikilvægir. Ekki síst í minni byggðarlögum. Á síðari árum hefur skemmtanahald verið fjáröflunarleið sem hefur í senn víða gefið vel í aðra hönd og ennfremur skilið eftir gleði í hjörtum gesta og góðar minningar og tengsl milli fólks. Sú fjáröflunarleið að ganga í hús og selja ýmsan varning er að mestu aflögð meðal lionsfólks. Sum verkefni sem klúbbarnir vinna felast ekki í umsýslu með peninga. Í því samhengi má nefna diskótek fyrir fatlaða og lestur fyrir eldri borgara.

Umhverfismál hafa sótt í sig veðrið í verkefnaflóru lionsfólks. Enda viðfangsefnið ærið. Víða um langt eru vegkantar hreinsaðir

af lionsklúbbum og síðustu ár hafa strandsvæði verið hreinsuð af lionsfélögum.

Á síðustu árum hefur heldur fækkað í hópi okkar Lionsfélaga. Samt sem áður telur Lionshópurinn á Íslandi talsvert á þriðja þúsundið. Ég er ekki í vafa um að Lionsfélögum takist að fjölga að nýju. Það er eftir miklu að sækjast að ganga til liðs við Lions. Lionshreyfingin á Íslandi vill fá fleira fólk til liðs við sig. Viðfangsefnin eru ærin. Með hverjum dyggum félagum sem gengur til liðs við lions, eykst slagkraftur heildarhópsins.

Nánari upplýsingar eru auðsóttar enda allt fyrir opnum tjöldum í Lionshreyfingunni. Margt má finna á www.lions.is. Meðal þeirra sem gefa fúslega upplýsingar er undirritaður.

Kristófer Tómasson Lkl Geysi. Netfang katsjs@simnet.is sími 861-7150





THE INTERNATIONAL ASSOCIATION OF
LIONS CLUBS

Umdæmi / District 109 A – Hlíðasmári 14, IS 201 Kópavogur, ICELAND
Sími/Tel.: +354 561 3122. Netfang /E-mail: lions@lions.is



**Dagskrá 64. þings Lionsumdæmis 109
haldið í Reykjavík, 26. og 27. apríl 2019**

Fimmtudagur, 25. apríl.	
18:00 – 20:00	Skráning og afhending þinggagna – Radisson Blu Hotel Saga, 2. hæð
Föstudagur, 26. apríl.	
10:00 –	Skráning og afhending þinggagna – Radisson Blu Hotel Saga, 2. hæð
12:00 – 17:30	Skólar embættismanna: <ul style="list-style-type: none">➤ Skóli formanna – Salur Katla II➤ Skóli ritara – Salur Hekla (ritarar muni eftir fartölvum)➤ Skóli gjaldkera – Salur Esja➤ Skóli svæðisstjóra – Salur Katla I
14:40 – 15:00	Kaffihlé – Við skóla
18:30 – 19:30	Þingsetning – Neskirkja
20:30 – 23:00	Kynningarkvöld – Súlnasalur – Léttar veitingar
Laugardagur, 27. apríl.	
08:30 –	Skráning og afhending þinggagna – Radisson Blu Hotel Saga, 2. hæð
09:00 – 10:45	Þingi umdæmis 109 – A framhaldið – Salur Katla Þingi umdæmis 109 – B framhaldið – Salur Esja
10:45 – 11:00	Kaffihlé – Fyrir framan fundarsali
11:00 – 16:30	Þingi fjölumdæmis 109 framhaldið – Salur Katla
11:45 – 12:45	Hádegisverður– Súlnasalur
13:00 – 16:00	Makadagskrá – Farið frá inngangi við Guðbrandsgötu
14:50 – 15:10	Kaffihlé – Við fundarsal
19:30 – 01:00	Lokahóf – Súlnasalur

Vara umdæmisstjóri 109 A


Þann 12. til 14. febrúar síðastliðinn var okkur varaumdæmisstjórum í A og B umdæmi boðið að taka þátt í námskeiði (seminar) í St. Charles, Illinois Bandaríkjunum. Til námskeiðsins var raunar boðið um 700 varaumdæmisstjórum frá öllum heimsálfum þar sem Lions International starfar. St. Charles er lítil bær um 50 km vestur af Chicago borg rétt við bæinn Oak Brooks, þar sem Lions er með höfuðstöðvar sínar. Við bjuggum á stóru ráðstefnuhótel, Qcenter sem er í útjaðri bæjarins. Við vorum sótt út á flugvöllinn í Chacago og komum upp á hotel að kvöldi 11. febrúar. Það var talsverð vinna fólgin í að rata um allar byggingar hótelsins og renna á lyktina í veitingasölunum en hótelið samanstendur af sex 4 til 8 hæða byggingum samtengdum með göngum og móttökusal. Í veitingasölunum báðum var boðið upp á sérfæði fyrir Indverja, annað fæði fyrir Asíubúanna og svo vestrænt fæði fyrir okkur hin.

Strax klukkan átta næsta dag mættum við á opunarhátíð í samkomusalnum Fox River Ballroom þar sem varaforseti Lions Jung-Yul „Yul“ Choi bauð upp á kóreönsk skemmtiatriði. Í lok dags var aftur komið saman í salnum og hlustað á ýmis erindi og viðbótarfróðleik (Daily Recap).

Sjálfst námið hófst svo kl. 9:15 og mættum við í skólastofuna okkar nr. 19 þar sem beið okkar kennarinn, dr. Margret Diekhuis-Kupier, PDG (fyrirverandi umdæmisstjóri) í Hollandi. Við Bragi Ragnarsson varaumdæmisstjóri í 109 B höfðum valið að taka námskeiðin á ensku en það þýddi líka að við vorum í litlum tengslum við norrænu félagana okkar. Í stað þess kynntumst við verðandi umdæmisstjórum í Bretlandi, Hollandi og Belgíu. Allt mjög reyndir, spaugsamir og skemmtilegir lions- og skólafélagar.

Við fengum námskeiðsgögnin og námið hófst. Við byrjuðum á velta fyrir okkur hugtakinu leiðtogi (Becoming a whole leader), fórum svo í virkni teyma (Team Dynamics), vegferð þjónustu (Service Journey), efling félagsandans (Supporting Membership Growth), nokkrir þættir ímyndar (Elements of Image) og loks að ná fram markmiðum (Achieving Your Goals). Allir þessir þættir námsins tóku tvo og hálfan dag. Þetta var krefjandi nám og auðvitað fyrir því haft að lesa öll námsgögnin á ensku og vinna sjónarmiðum sínum fylgi í hópnum. Við unnum í fjögurra manna hópum og leystum verkefnið saman. Yfirleitt var okkur gert að flytja eitthvert verkefni frammi fyrir bekknum.

Til að krydda námið svolítið var franska hópnum í næstu kennslustofu tvisvar boðið að



taka þátt í umræðum og vinna með okkur nokkur verkefni. Þá fylgdi túlkur með sem túlkaði af frönsku á ensku og öfugt.

Með námsgögnunum fengum við líka leiðbeinandi form og sniðmát fyrir flesta þessa þætti námsins.

Að morgni annars dags var fundur í Fox River Ballroom þar sem varaforseti Lions Jung-Yul „Yul“ Choi kynnti okkur áherslur sínar sem alþjóðaforseti næsta starfsár, og í lok dags var allur hópurinn mættur í salinn þar sem farið var yfir viðfangsefni dagsins og einnig kynntar til sögunnar tvær stúlkur sem voru báðar Leo félagar. Önnur þeirra hafði byrjað sem Leo Alfa og hin sem Leo Omega. Munurinn á þessum Leo klúbbum er sá að annar starfar með unglíngum 12-16 ára og hinn með unglíngum frá 16 ára.

Á þriðja degi námsins var okkur boðið í vettvangsferð, fyrst að grafreit Melvin Jones og síðan til höfuðstöðva Lions Int. í Oak Brooks. Þar skoðuðum við okkur um og þáðum hressingu. Þar var öllum boðið að fá ljósmynd af sér með verðandi alþjóðaforseta. Þegar við komum svo heim úr ferðinni var farið í síðustu kennslustundina og kennarinn okkar kvaddur.

Þegar litið er til baka verður að segjast eins og er að það er ómetanlegt að fá tækifæri til að kynnst Lionsfélögum víða að úr heiminum. Við Bragi héldum okkur við hópinn okkar, Bretana, Írana og svo Belgana og Hollendingana, en kynntumst auðvitað líka fólki annarsstaðar úr heiminum. Hópurinn okkar varð einstaklega



samhentur og voru í honum nokkrir tölvugúrur sem auðvitað stofnuðu hóp á WhatsApp. Þar fylgjumst við með hvert öðru, hvernig gengur og hvernig þeirra lionsþing eru haldin. Nokkur fjölumdæmi hafa þegar haldið sitt ársþing en önnur ekki.

En vænst þótt mér um hvað við Bragi vorum vel undirbúin undir þetta nám eftir fræðsluna úr Leiðtogaskólanum og námskeiðið sem Halldór Kristjánsson hélt fyrir okkur verðandi umdæmisstjóra í fyrra.

Jóhanna Thorsteinson
VDG 109 A

Lionsklúbbur Ólafsvíkur

Fyrir nokkru hélt Lionsklúbbur Ólafsvíkur fund sinn í Slökkvistöð Snæfellsbæjar. Tílefnið var að afhenda slökkviliðinu gjafir svo sem hitamyndavél, brunndælu vasaljós og fleira. Vasaljósinn sem við gáfum slökkviliðinu eru ætluð til þess að lýsa í augun á fólki til að skoða sjáældrin. Vatnsdælan er mjög öflug en hún dælir 600 lítrum á mínútu í 4 metra hæð. Keyptu Lionsmenn allar gjafirnar hjá fyrirtækinu ÍSMAR og munu þær koma að góðum notum hjá slökkviliðinu. Þess má geta að slökkviliðið á fyrir aðra hitamyndavél og sú

nýja því góð viðbót. Svanur Tómasson slökkviliðsstjóri talaði um í ræðu sinni hversu gott væri að hafa líknarfélög í bæjarfélaginu. Þau styddu hin ýmsu málefni og hefði slökkviliðið notið góðs af því undanfarin ár með veglegum gjöfum, vildi hann koma á framfæri kæru þakklæti fyrir það. Að því loknu bauð hann lionsmönnum að skoða slökkvistöðina undir leiðsögn slökkviliðsmanna sem lionsmenn gerðu. Á myndinni eru frá hægri: Sævar Gíslason, Svanur Tómasson og Fannar Baldursson.



Kæru Lionsfélagar

Gerð var könnun á því hvort félagar vildu fá Lionsblaðið sent heim í pósti gegn greiðslu og/eða fá blaðið sent í tölvupósti. Meirihluti valdi rafrænu leiðina. Í framhaldi af því hefur verið ákveðið að bjóða upp á heimsendingu í bréfpósti gegn greiðslu kr. 1.200 á ári. Stofnuð verður krafa í netbanka.

Allir Lionsfélagar fá blaðið sent rafrænt og jafnframt verður það aðgengilegt á www.lions.is og í gegnum smáforritið Lionmagazine Ísland eins og verið hefur.

Formenn (ritarar) eru beðnir um að sjá til þess að allir félagar taki afstöðu til þessa pósts og senda inn fyrir hönd klúbbsins meðfylgjandi upplýsingar um þá féлага sem velja að fá blaðið heimsent í bréfpósti.

Sendist á Lionsskrifstofuna á netfangið lions@lions.is fyrir **10. apríl 2019**.

Þessi dreifingarleið tekur gildi næsta starfsár 2019-2020

Ég óska eftir að fá prentuðu Lionsblöðin (4 tbl. á ári) send til mín í pósti gegn 1200 kr. greiðslu á ári.

Nafn: _____

Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer: _____

Staður: _____

Leiðtogaskólar LIONS



Vinnuhópurinn minn í heimaverkefnum ásamt leiðbeinanda, Lindu Picton, sem starfar sem GLT-stjóri yfir Evrópu-D.

Hvernig fæ ég kjarkinn til að standa upp og tala, hvort sem um er að ræða klúbbsfund eða annars staðar þar sem fólk kemur saman? Hvernig öðlast ég kjark til að taka að mér stjórnunarstöðu innan klúbbsins eða hreyfingarinnar ef ég kann ekki til verka? Hvernig geri ég áætlanir? Hvernig leysi ég ágreining sem kann að koma upp?

Þessara spurninga, auk margra annarra, kunna mörg okkar efalaust að spyrja sig þegar leitað er til okkar um að taka að okkur ákveðna stöðu eða verkefni innan hreyfingarinnar. Getur verið að við tökum ekki að okkur verkefni, sem okkur jafnvel langar að taka að okkur, vegna þessa? Við getum lært að takast á við þessi verkefni í leiðtogaskóla hreyfingarinnar.

Lions starfrækir skóla, sem allir lionsfélagar geta sótt og eru hugsaðir til þess að byggja okkur upp og gera okkur tilbúin til að takast á við hvers konar verkefni innan hreyfingarinnar og í okkar daglega lífi. Við þekkjum flest til þess að á Íslandi er starfræktur Leiðtogaskóli (RLLI) sem hefur verið haldinn ár hvert til fjölda ára við góðan orðstír. Hvað er Leiðtogaskólinn og aðrir leiðtogaskólar sem alþjóðahreyfinginn býður? Hér á eftir dreg ég saman helstu upplýsingar um þessa skóla og hvernig við getum sótt um að verða þátttakendur í þeim.

ELLI (Emerging Lions Leadership Institute)

Er skóli fyrir unga/nýja lionsfélaga sem hefur það að markmiði að þjálfar leiðtoga innan klubbanna sjálfra að formönnum. Farið er í grunn leiðtogafræðinnar og hvað það þýðir að leiða áfram hóp með sameiginlegt markmið. Þá er jafnframt farið yfir hreyfinguna, stofnanir hennar og hvaða verkfæri við höfum til að viðhalda og efla klubbstarfið. Miðað er við að þátttakandinn hafi starfað í nefndum innan klúbbs og ekki gegnt hærri stöðu en klubbformanns. Skólar klubbstjórna sem haldnir eru á fjöl- og umdæmisþingum taka að hluta til á námsefni þessa skóla. Hugmyndir eru uppi um að koma þessum skóla á legg hér á landi á komandi misserum.

RLLI (Regional Lions Leadership Institute)

Er skóli sem er næsta stig á eftir ELLI og er gagnlegur öllum lionsfélögum og sérstaklega fyrir þá sem vilja ná lengra innan hreyfingarinnar til dæmis sem fulltrúar umdæmis eða fjölumdæmis. Þetta er Leiðtogaskólinn okkar en hann hefur verið vinsæll hjá verðandi klubbstjórnnum og almennum félögum sem vilja ná lengra. Farið er ítarlega í leiðtogafræðin og þátttakendur þjálfar sig m.a. í ræðuflutningi, tímastjórnun, stjórnun funda, markmiðasetningu og úrlausn ágreiningsmála. Nánari umfjöllun um Leiðtogaskólann má finna á öðrum stað í blaðinu.



Hópurinn sem fékk kennsluna á ensku. Jafnframt var boðið uppá kennslu á þýsku, ítölsku, spænsku og frönsku

ALLI (Advanced Lions Leadership Institute)

Er efsta stigið í leiðtogaskólum Lionshreyfingarinnar. Hann er ætlaður þeim sem vilja enn lengra t.d. fyrir þá sem ætla að taka að sér að gerast svæðisstjórar og jafnvel umdæmisstjórar. Hér er kafað enn dýpra í leiðtogafræðin og byggt ofan á það sem áður hefur verið kennt. Griðarlega öflugur skóli sem meðal annars byggir á hópstarfi áður en komið er í skólann og mál krufin til mergjar.

Þrátt fyrir að hér á Íslandi sé aðeins boðið upp á RLLI, eða Leiðtogaskólann, eins og er, stendur okkur til boða að sækja um að komast í hina skólana, sem að eru haldnir reglulega í Evrópu, að jafnaði einu sinni á ári og þá oftast seinni hluta starfsárs. Sá háttur er hafður á að þátttakandi greiðir ferðakostnað auk gjalds sem er á bilinu \$125 - \$150 en LCI borgar á móti gistingu og mat alla skóladaganna. Finna má frekari upplýsingar um umsóknir á vef alþjóðahreyfingarinnar og hvar skólarnir eru haldnir hverju sinni.

Núna í mars sótti ég einn slíkan skóla eða ALLI sem var haldin í Marseille í Frakklandi. Óhætt er að segja að skólinn fór fram úr ítrustu væntingum, þótt mikil vinna lægi í undirbúningi (hópstarfi) fyrir skólann. Þarna var saman kominn hópur fólks víða að úr Evrópu með eitt sameiginlegt markmið, að vilja gera hreyfinguna okkar enn öflugri og færa hana til nútímans. Til viðbótar við námsefnið, eða í tengslum við það, skiptumst við á upplýsingum um það hvernig hlutirnir eru gerðir hjá hvert öðru og allt sett í samhengi við námið. Þarna var stór hluti þátttakenda starfandi sem 2. varaumdæmisstjóri og þannig í lokaundirbúningi þess að takast á við embætti 1. varaumdæmisstjóra. Af þeim sökum myndaðist mikil samkennd með okkur og öflugt tengslanet varð til. Til stendur að halda netfundi einu sinni í mánuði þar sem við berum saman bækur okkar og fáum álit á málefnum sem við erum að takast á við á heimaslóð. Síðast en ekki síst bundumst við sterkum vinaböndum sem er ómetanlegt og lykilaríði í starfi lionsfélaga.

Ég vil því hvetja þig félagi góður til að hugsa til þeirra tækifæra sem felast í því að sækja þessa skóla og öðlast meiri hæfni til að takast á við þau verkefni sem þú stendur frammi fyrir, hvort sem er í starfi fyrir Lionshreyfinguna eða í þínu daglega lífi.

Guðjón Andri Gylfason
2. varaumdæmisstjóri 109B
GLT-fulltrúi 109B

Leiðtogaskólanum slitið með glæsibrag



Útskriftarnemar Leiðtogaskólans 2019 ásamt kennurum. Frá vinstri í fremstu röð; Guðjón Andri Gylfason, Halldór Kristjánsson, Hrunn Hjaltadóttir og Jón Pálmason.



Nú hafa rúmlega 500 Lionsfélagar sótt námskeiðið Leiðtogaskóli Lions á Íslandi. 26 ánægðir Lionsfélagar bættust í þann hóp 17. febrúar síðastliðinn að loknum þriggja daga Leiðtogaskóla sem hófst föstudagsmorguninn 15. febrúar. Þetta var í annað sinn sem námskeiðið var haldið á einni helgi en áður var námskeiðið 2 helgar og lengst af haldið í Munaðarnesi. Þátttakendur komu á föstudagssíðdegi og dvöldu alla helgina í sumarbústöðum á staðnum. Þessu fyrirkomulagi var breytt fyrir nokkrum árum þegar aðstæður breyttust í Munaðarnesi og þá var Leiðtogaskólinn fluttur til Reykjavíkur. Vorið 2018 var í fyrsta sinn haldið Leiðtoganámskeiði á Akureyri og var þá námskeiðið haldið á þremur dögum, frá föstudegi til sunnudags. Var reynslan af því það góð og ákveðið var að Leiðtogaskólinn 2019 yrði haldinn á þremur dögum, einni langri helgi. Í stuttu máli þá voru bæði þátttakendur og kennarar mjög ánægðir með það fyrirkomulag og verður það þannig á næstu árum að öllu óbreyttu.

Ísland var fyrsta þjóðin í Evrópu, ásamt Bretum, sem fékk að kenna Leiðtogaskólann (RLLI) í heimalandi sínu. Öll árin hefur fengist styrkur frá LCI til að halda námskeiðið hér á landi enda hafa fræðslustjórar okkar ávallt notið mikils trausts og vel verið staðið að námskeiðinu hér. Enska heiti Leiðtogaskóla Lions er Regional Lions Leadership Institute (RLLI). Gerð er krafa um að kenndar séu 9 greinar og síðan getur hvert land valið greinar sem það telur að séu mikilvæg fyrir sína þátttakendur. Þessar níu greinar eru Lions baklandið (1), fjölbreytileiki (2), öflugt hópstarf (3), markmiðasetning klúbbs og framkvæmd (4), að virkja og hvetja félagana (5), persónuleg markmiðssetning (6), ræðuflutningur (7), tímastjórnun (8), staðbundin verkefni og tækifæri (9). Auk þessara

„skyldugreina“ höfum við bætt við nokkrum greinum í okkar Leiðtogaskóla og má nefna helst, að halda góða fundi (10), að takast á við breytingar (11), skapandi hugsun (12) og að leysa ágreining (13). Hefur það gefist vel að bæta við þessum greinum og þær skila þátttakendum mjög góðri viðbótarþekkingu á leiðtogafræðum og stjórnun.

Eins og fram kemur í grein Guðjóns Andra Gylfasonar, GLT fulltrúa í 109B, í annarri grein í þessu blaði, stefnum við í leiðtoga- og fræðsluteyminu (GLT) að því að auka við framboð okkar á leiðtoganámskeiðum með því að bæta við ELLI og ALLI námskeiðum þegar það verður heimilt að halda þau hér á landi (sjá nánari lýsingu í grein Andra).

Árangurinn af starfi Leiðtogaskólans hefur verið mjög góður. Mörg þeirra sem hafa sótt skólann hafa síðar tekið að sér ábyrgðastarf í sínum klúbbsi, í svæði, umdæmi, fjölumdæmi og á alþjóðavettvangi. Námið nýtist flestum einnig í vinnu og daglegum samskiptum við aðra.

Um leið og ég óska öllum þeim sem hafa sótt skólann til hamingju vil ég hvetja Lionsfélaga til að sækja um þátttöku í þessu námskeið Lions næst þegar það verður í boði. Þátttaka í Leiðtogaskólanum skilar þátttakandanum og Lions mikilvægum árangri.

Halldór Kristjánsson, GLT stjóri fjölumdæmis 109.

Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga

Lionsklúbburinn Ægir lætur til sín taka



Félagar úr Lionsklúbbum Ægi ásamt starfsmönnum Sólheima við tækin góðu sem klúbburinn gaf.



Sveinbjörn Fjöltnir Pétursson skoðar hér baðlyftu á vinnustofu Ás styrktarfélags. Lionsmenn fylgjast spenntir með.

Félagar í Lionsklúbbum Ægi hafa svo sannarlega ekki setið auðum höndum á síðustu árum. Skemmst er að minnast að árið 2017 hélt klúbburinn upp á sextíu ára afmælið og var það gert á tilheyrandi hátt með góðri veislu, en ekki síður með því að láta gott af sér leiða sem er jú, hér eftir sem hingað til, æðsta takmark okkar í Lions.

Sólheimar

Sólheimar hafa ætíð skipað fastan sess í starfssemi Ægis og spannar sú saga marga áratugi, eða því sem næst alla starfsævi klúbbsins. Víða á Sólheimum má sjá merki um það sem Ægismenn hafa lagt þar til í gegnum tíðina í formi gjafa og vinnuframlags. Öllu þessu er gerð góð skil í bók sem gefin var út í tilefni af 50 ára afmælis klúbbsins á sínum tíma, en höfundur þeirra bókar Þórhallur Arason sem verður 96 ára á þessu ári, er enn starfandi í Ægi og gefur okkur yngri mönnum ekkert eftir.

Ægismenn eru hvergi nærri hættir sínu góða starfi á Sólheimum og á árinu 2018 gaf klúbburinn tækjabúnað í nýtt mötuneyti staðarins og var andvirði gjafarinnar á fjórðu milljón króna. Um var að ræða búnað í eldhús, s.s. ofn, eldavel, uppþvottavel o.fl. Varla þarf að taka fram að búnaður þessi gjörbreytir allri aðstöðu á staðnum og hefur reynst mjög vel. Í desember síðastliðnum fjölmenntu Ægismenn á hin árlegu Litlu Jól á Sólheimum sem klúbburinn hefur haft veg og vanda að í hvorki meira né minna en 55 ár. Þar gafst klúbbfélögum tækifæri til að skoða þennan nýja og glæsilega búnað í mötuneytinu, ásamt því að hitta heimamenn og starfsfólk. Þess má til gamans geta að heiðursfélagi Ægis, Ómar nokkur Ragnarsson, skemmti viðstöddum af sinni alkunnu snilld á litlu jólnum eins og hann hefur ætíð gert. Ómar hefur einungis misst eitt ár úr af þessum 55, og geri aðrir betur.

Gaman er svo að geta þess að í ár gaf svo Lionsklúbburinn Ægir mjög skemmtilega og óvenjulega gjöf til Sólheima, nánar tiltekið á kaffihús Sólheima, Grænu könnuna. Um er að ræða talandi páfagauk. Hún heitir sem sagt Emma og er nú nýjasti íbúi Sólheima og gleður bæði heimamenn og gesti á kaffihúsinu svo um munar og mun líklega gera um nokkura áratuga skeið. Við hvetjum alla sem leið eiga um Grímsnesið að leggja leið sína í Grænu könnuna á Sólheimum og heilsa upp á hana Emmu.

Ás styrktarfélag

Á síðasta ári varð Ás styrktarfélag 60 ára, en það er sjálfseignarstofnun sem veitir fólki með þroskahömlun ýmsa nauðsynlega þjónustu. Í tilefni þessa merkisafmælis, og þar sem Lionsklúbburinn Ægir er á svipuðum aldri, var ákveðið að Ægir myndi styrkja hið frábæra starf sem unnið er hjá Ás. Eftir umhugsun og greiningu var ákveðið að Lionsklúbburinn Ægir myndi gefa Styrktarfélaginu Ás tvær baðlyftur, að andvirði tæpra



Á góðri stundu á klúbbfundum hjá Ægi. Fremst má sjá Þórhall Arason aldursforseta klúbbsins í góðum gir.

þriggja milljóna króna, sem settar voru upp í Ási vinnustofu í Ögurharfi. Hinar nýju baðlyftur hafa algjörlega sannað sig, eftir að hafa nú verið notaðar um nokkura mánaða skeið með góðum árangri. Lyfturnar auðvelda mjög lífið fyrir þá einstaklinga sem þurfa á þeim að halda og ekki síður fyrir starfsfólkið sem sér um ummönun á vinnustofunni. Ás styrktarfélag bauð félögum í Ægi í heimsókn á haustmánuðum, til að kynna sér starfssemina og ekki síður til að sjá þessar lyftur og virkni þeirra. Ægismenn áttu góða stund á vinnustofunni og það var ótrúlega gaman að sjá starfssemina, og hitta fólk, og ekki síður gaman að sjá hversu vel þessi tæki sem klúbburinn gaf hafa reynst þeim sem þær nota.

Mæðrastyksnefnd

Ekki má gleyma í upptalningu þessari þegar félagar í Lionsklúbbum Ægi komu færandi hendi til mæðrastyksnefndar með tæplega tvö tonn af heilfrystri rauðsprettu af bestu gerð í farteskinu. Þessu framtaki var svo sannarlega vel tekið, enda þörfin oft mikil hjá skjólstæðingum nefndarinnar. Gera má ráð fyrir að þessi eðalfiskur hafi verið á bostólum á mörgum heimilum næstu vikur á eftir, en þetta magn hvarf eins og dökk fyrir sólu við úthlutun nefndarinnar. Í heildina gaf Lionsklúbburinn Ægir þrjú tonn af rauðsprettu, en auk Mæðrastyksnefndar var einnig gefið til Sjálfsbjargar, Rauða krossins, Ás styrktarfélags og fleiri. Verðmæti þessara gjafa reiknast hátt á þriðju milljón króna væri þetta keypt út úr búð.

Ægir býður í Bingó

Lionsklúbburinn Ægir hefur haldið bingó fyrir heimamenn í Hátúni 12, húsi Sjálfsbjargar, óslitið síðan árið 1984 og var árið 2018 engin

undantekning á því. Lionsmenn safna þá veglegum og skemmtilegum vinningum, mæta svo á staðinn með forláta bingóvél og stjórna bingói við mikinn fögnuð heimamanna. Eins og áður sagði hefur þessi hefð staðið lengi og var bingóið í fyrra það 34. í röðinni. Eftir að búið var að spila margar umferðir af bingó og syngja hraustlega saman var Lionsmönnum og heimamönnum boðnar kaffiveitingar sem allir þáðu með þökkum. Þarna áttu Ægismenn yndislega kvöldstund með heimamönnum í Hátúni og algjörlega ljóst að árið 2019 munum við telja í bingó númer 35 í röðinni.

Fjáraflanir

Það segir sig sjálft að til þess að hægt sé að láta gott af sér leiða, líkt og gert var á Sólheimum og Ás þarf að afla fjár. Aðalfjáröflun Lionsklúbbsins Ægis í gegnum árin hefur verið hið rómaða Kútmagakvöld, sem haldið hefur verið um áratugaskeið við góðan orðstír. Hin seinni ár hefur kútmagakvöldið verið haldið í góðu samstarfi við félag okkar í Lionsklúbbum Fjölni og tekist mjög vel til. Á kvöldi þessu, sem er karlavöld, er boðið upp á allskyns fiskmeti, og er hápunktur þess (að sumra mati) sjálfir kútmagarnir. Innihald þeirra verður ekki frekar útlistað hér, en áhugasamir eru hvattir til að mæta á kútmagakvöld og smakka á góðgætinu. Á kútmagakvöldi er svo að sjálfsgöðu boðið upp á góð skemmtiatriði og happdrætti og rúsínan í pylsuendanum er svo

uppboð á málverkum sem notið hefur mikilla vinsælda og er óhætt að segja að menn bíði ár hvert spennir eftir því. Kútmagakvöld þessa árs fór fram á Hótel Sögu þann 1. mars síðastliðinn og tókst mjög vel til fyrir fullu húsi.

Framtíðin

Við í Lionsklúbbum Ægi horfum björtum augum til framtíðar. Við störfum í góðum klúbbum sem stendur á góðum og traustum grunni, sem byggður hefur verið upp allar götur síðan 1957. Nokkrir nýir félagar hafa gengið til liðs við klúbbum á undanföllum árum og það hefur gengið mjög vel að hrista saman nýliðana og þá sem eldri og reyndari eru. Mæting á klúbbfundi hefur verið með ágætum undanfarið og hefur margt góðra gesta komið til okkar á fundina, bæði til fróðleiks og skemmtunar. Framundan eru spennandi tímar og við Ægismenn munum áfram standa vaktina og reyna að láta gott af okkur leiða, og hafa gaman af því um leið.

*Rúnar Örn Rafnsson
Lionsklúbburinn Ægir formaður 2018-19*

Lionsklúbburinn Ylfa



Ylfur ásamt nokkrum strákum í íslenskuástoðinni



Frá afhendingu dagljósalampanna



Afhending stólsins. Ylfurnar Soffía og Anna Blöndal ásamt forstöðumanni Skammtíma og skólavistunar Akureyrar Önnu Einarsdóttur

Eitt af aðalverkefnum Lionsklúbbsins Ylfa á Akureyri, undanfarna vetur, hefur verið að aðstoða fólk af erlendum uppruna að læra íslensku. Amtsbókasafnið hefur veitt klúbbum aðstöðu án endurgjalds. Tímar eru einu sinni í viku, á þriðjudögum, klukkutíma í senn. Aðsóknin hefur verið góð og yfirleitt mæta u.þ.b. 10 – 15 manns í hvert skipti. Fjórar til sex Ylfur eru til aðstoðar hverju sinni og þykir okkur þetta einstaklega gefandi verkefni og skemmtilegt að kynnast fólki af mismunandi þjóðernum.

Klúbburinn hefur undanföllum árum stutt við Skammtíma og skólavistun Akureyrar. Á dögunum afhentu Ylfukonur vistuninni

þyngdarafli stól (Gravity Chair) sem er stóll með svampílagi sem veitir stuðning og stöðugleika fyrir börn og fullorðna með mismunandi fatlanir. Svampílagið lagar sig að líkama þess sem situr í stólnum.

Lykilatriði í þyngdarafli stólnum er að hann dregur þyngdarpunkt neðar hjá notandanum, sem tryggir stöðugleika í sitjandi stöðu. Stóllinn er með háum armhvílum og er léttur og því auðvelt að flytja og færa til.

Á næstunni hefur klúbburinn ákveðið að styðja aðeins við bakið á geðdeild SAK.

Byrjað var á því að afhenda nokkra dagljósalampa (vekjaraklukkur) en þeir lýsa hægt og

rólega upp herbergi. Lampinn líkir eftir sólarupprás og lýsir upp herbergið áður en klukkan hringir á tilsettum tíma áður en farið er á fætur. Dagljósalampar geta hjálpa þeim einstaklingum sem eiga við andlega vanlíðan og svefnleysi.

Ylfa hefur reynt fyrir sér með margskonar fjáraflanir og þetta starfsárið höfum við verið með sölu á jólabrauðum á aðventunni og vorum einnig með markað í sambandi við Akureyrarvöku.

Gerður Jónsdóttir Lkl. Ylfa Akureyri.



Lionsklúbburinn Bjarmi

Kótilettukvöld

Stærsta verkefni Lkl. Bjarma í vetur var 23. feb s.l þegar við í samstarfi við 2 kvenfélög og nokkra einstaklinga stóðum fyrir Kótilettukvöldi í Félagsheimilinu á Hvammstanga. Er þetta í 3. sinn sem slíkt er gert Að þessu sinni var dagurinn helgaður minningu Björns Þ Sigurðssonar „Bangsa“ sem bjó alla sína tíð hér á Hvammstanga og lést sl. haust, 83 ára. Ágóða verður varið til að koma upp minningarskilti um Bangsa og til að varðveita „Bangsabát“, bátinn sem hann smíðaði fyrir 60 árum og var hans aðal-atvinnutæki eftir það. Bangsi var vanur að halda upp á afmæli sitt með veitingum fyrir börnin að deginum en fullorðna um kvöldið. Við höfðum sama hátt á og buðum upp á dagskrá og veitingar fyrir börn eftir hádegið. Um kvöldið var síðan aðalsamkoman. Í matinn voru kótilettur með tilheyrandi meðlæti og auk þess boðið upp á harðfisk og hákarl að hætti Bangsa. Öll aðföng voru gefin af fyrirtækjum hér og víðar. Dagskráin hófst með því að sýnt var viðtal sem tekið var í fimmtugsafmæli Bangsa Síðan sögðu gamlir vinir hans frá honum og bátnum. Fjöldi fólks kom fram með ýmis konar söng og leikatriði. Samkoman var mjög vel sótt og munu allir hafa farið saddir og sáttir heim. Ágóði af kótilettukvöldinu ásamt styrktarlínum í dagskrárþæklingi var rúmar 2 milljónir, en auk þess fékk Lkl. Bjarmi 850 þúsund króna styrk úr Menningarsjóði Sparisjóðs Vestur-Húnavatnssýslu í þetta menningarverkefni.

Guðmundur Jónsson Lkl Bjarma



Guðmundur Haukur Sigurðsson setur hátíðina



Unnur Valborg Hilmarisdóttir veislustjóri



Pétur Danielsson barþjónn



Leikflokkurinn leikur Kótilettunefndina að störfum



Kvenfélagskonur ganga frá



Séð yfir veislusalinn



Bakradir Hjá Slagaraveitinni



Guðmundur Haukur Sigurðsson við miðasölu



Séð yfir veislusalinn, Slagaraveitin á sviði



Sönghópurinn Næturgalur



Slagaraveitin



Atriði úr söngleiknum „Hárið“ sem verður sýnt hér um páskana

Frá Lionsklúbbnum Emblu



Stjórnin og ný inntekin félagi Guðný Guðmundsdóttir.



Hjördís ritari með Hítina góðu að safna peningum hjá Emblukonum

Nú fer þetta starfsár okkar senn að taka enda og eru allir alltaf jafn undrandi á hvað tíminn æðir áfram. Það hefur verið nóg að starfa hjá okkur Emblu konum eins og alltaf bæði í leik og starfi. Við byrjuðum árið á því að fara saman í Selfossbíó og sáum myndina Mary Poppins. Allar skemmtum við okkur vel og var Þetta góð tilbreyting að fara saman á bíó og var það okkar skemmtilega útivistarnefnd sem átti þessa góðu hugmynd. Þá var það næst þorinn og var haldið þorrablót sem heppnaðist afar vel, góð mæting og allir fóru saddir og sælir heim. Það er alveg nauðsynlegt að blóta þorra.

Við höfum fengið góða gesti á fundi okkar í vetur og í janúar kom Erla Sigurjónsdóttir, deildarstjóri, Rauða krossins á Suðurlandi. Hún fræddi okkur um starf deildarinnar og kom okkur á óvart hvað það er margbreytilegt starf sem fer fram hér, mikið í gangi alla virka daga í húsi deildarinnar.

Það átti eins og undanfarin ár að halda diskóteki fyrir skjólstaðinga okkar en Jón Bjarnason okkar aðalmaður og diskótekari veiktist, svo það varð að slá því á frest sem er miður því fólkið okkar stólar á þessar skemmtanir og fá síðan kaffi og veisluboð sem er alltaf góður endir á góðri skemmtun. En það verður seinna og þá fagna allir Jóni vel eins og venjulega.

Í febrúar tókum við inn í klúbbinn okkar nýjan féлага, Guðnýju Guðmundsdóttur. Það er alltaf gleðiefni að fá nýja kröftuga konu til starfa, einmitt það sem við í Lionshreyfingunni þurfum á að halda að fjölgja í klúbbunum okkar og fá yngra fólk til starfa. Áfram nú öll sem eitt.

Færðum vinnustofunni VISS sem er verndaður vinnustaður fatlaðra á Selfossi veglega peninga upphæð til að endurnýja tæki og tól sem vantaði orðið hjá þeim svo við vonum að þetta eigi eftir að koma að góðum notum fyrir fólkið okkar þar.

Svo á fund núna í mars kom Theodór F. Birgisson, klínískur félagsráðgjafi, og sagði okkur frá starfi sínu sem er margþætt og flókið og var þetta mjög fróðlegt. Það var gaman að fá Theodór í heimsókn, líflægur og skemmtilegur lionsmaður með meiru.

Á þessu ári nánar tiltekið 9. mars s.l. varð Lionsklúbburinn Embla 30 ára. Við erum stoltar af þessum tímamótum og höfum víða lagt hönd á plóg til góðra málefna á þessum árum. Af þessu tilefni ætlum við að fara í tveggja daga ferðalag í lok ágúst n.k. og bjóða mökum okkar með. Það á að storma á Snæfellsnesið og að sjálfsgöðu förum við í langferðabifreið. Þetta á að verða skemmtileg og öllum ógleymanleg ferð.



Gestur okkar Erla Sigurjónsdóttir, deildarstjóri Rauðakrossins á Suðurlandi



Gestur okkar Theodór F. Birgisson, klínískur félagsráðgjafi og lionsmaður



Guðný Siggeirsdóttir tekur við gjafabréfi til VISS frá Unni Jónasdóttur, formanni Líknamefndar Lkl. Emblu

Nú erum við farnar að hlakka til vorsins og sumarsins sem við höldum að sé alveg á næsta leyti. Í júnímánuði stormum við Emblur upp í Hellisskóg og gróðursetjum formanns tré fyrir fráfarandi formann hana Dagrúnu Másdóttur. Þetta er skemmtilegur siður sem við endum okkar starfsár alltaf á. Við eigum orðið lítinn og fallegan formanns Emblu reit í Hellisskógi.

Að lokum sendum við okkar bestu þakkir og góðar kveðjur til allra sem hafa veitt okkur góðan stuðning sem og lionsfólki um allt land, vonum að sumarið verði okkur öllum til heilla.

Guðrún Guðnadóttir, blaðafulltrúi Lionsklúbbsins Emblu.

Borist hafa eftirfarandi framboð í embætti sem kjósa skal um fyrir starfsárið 2019 – 2020



Framboð til embættis fjölumdæmisstjóra

Ellert Eggertsson, Lionsklúbbi Hafnarfjarðar

Ellert gekk í Lkl. Hafnarfjarðar árið 1983 og hefur hann gegnt flestum embættum í stjórn klúbbsins, m.a. verið tvisvar formaður. Einnig hefur hann leitt flestar af nefndum klúbbsins. Ellert er Melvin Jones félagi og fyrir starfsárið 2014 - 2015 fékk hann Club Excellence Award viðurkenningu fyrir störf sín sem formaður. Í desember 2017 var hann sæmdur Kjaransorðunni vegna starfa sinna fyrir klúbbinn.

Ellert gegndi embætti svæðisstjóra á svæði 6, 2015-2016, kjörinn 2. varaumdæmisstjóri á seinni hluta starfsársins og gengdi embætti 1. varaumdæmisstjóra starfsárið 2016-2017, umdæmisstjóri 109A starfsárið 2017-2018 og er núverandi varafjölumdæmisstjóri MD 109. Ellert hefur sótt nokkur Alþjóðþing Lionshreyfingarinnar.

Ellert er fæddur í Hafnarfirði 1. ágúst 1946, menntaður flugvirki og hefur starfað sem flugvirki hjá Loftleiðum og Arnarflugi, tæknistjóri Íslandsflugs og Flugfélagsins Atlanta frá sameiningu fyrirtækjanna árið 2005 til ársloka 2016. Frá 2017 til nóvember 2018 starfaði Ellert sem flotastjóri Flugfélagsins Atlanta, er hann fór á eftirlaun.

Maki hans er Júlíana Guðmundsdóttir og eiga þau 3 uppkomin börn.



Framboð til embættis vara fjölumdæmisstjóra

Björn Guðmundsson, Lionsklúbbum Hængur

Björn er fæddur í Hafnarfirði 25. maí 1972, er með Msc. gráðu í viðskiptafræði, er löggiltur fasteignasali og hefur starfað við fasteignasölu frá því árið 1996, nú sem aðaleigandi Fasteignasöluvarn Byggðar á Akureyri. Eiginkona Björns er Sigríður Magnúsdóttir, grunnskólakennari og saman eiga þau tvo syni.

Björn gekk í Lionsklúbbinn Hæng á Akureyri árið 2005, hann hefur verið virkur í starfi klúbbsins frá upphafi og leitt flestar aðalnefndir klúbbsins. Hann var ritari starfsárið 2009-2010 og formaður 2011-2012. Svæðisstjóri á svæði 6 í 109B 2013-2015 og umdæmisstjóri árið 2017-2018. Björn er Melvin Jones félagi.



Framboð til embættis fjölumdæmisritara

Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lionsklúbbum Fjörgyn

Guðmundur Helgi fæddist í Reykjavík þann 22. sept. 1947 og er húsasmíðameistari að mennt og starfar við Verkefnisstjórnun hjá ÍAV þjónustudeild en fór á eftirlaun s.l. vor.

Guðmundur gekk til liðs við Lionsklúbbinn Fjörgyn vorið 2000 eftir að hafa þekkt vel til Lionshreyfingarinnar í 10 ár. Í klúbbnum sínum Fjörgyn hefur hann m.a. verið ritari og þrívégis formaður klúbbsins.

Guðmundur Helgi var fræðslustjóri frá 2009 - 2011 og kom að kennslu í ritaraskóla Lionshreyfingarinnar um árabíl. Hann hefur starfað í umdæmisstjórnnum beggja umdæma, og var hann umdæmisritari og gjaldkeri starfsárin 2009 - 2011, hann var umdæmisstjóri 109 A 2012 - 2013 og starfsárið 2015 - 2016 gegndi hann gegnt embætti fjölumdæmisstjóra og verið fjölumdæmisritari frá 2016.

Eiginkona Guðmundar Helga er Hrund Hjaltadóttir f.v. grunnskólakennari. Hún er stofnfélagi í L.kl. Fold. Hún hefur ýmsum embættum í umdæmi 109 B og fjölumdæmi MD 109. Hún er fyrrverandi umdæmis- og fjölumdæmisstjóri.



Framboð til embættis fjölumdæmisgjaldkera

Stefán Árnason, Lionsklúbbum Vitaðsgjafi

Stefán Árnason gekk til liðs við Lionshreyfinguna árið 1992. Á þeim tíma hefur hann gegnt flestum þeim embættum sem til er að dreifa í Lionsklúbbi og meðal annars verið formaður klúbbsins tvisvar. Stefán var svæðisstjóri á svæði 6 2009 - 2010 og GMT fulltrúi 2010 - 2011. Umdæmisstjóri í B umdæmi 2015 - 2016, GMT stjóri 2016 - 2017, Fjölumdæmisgjaldkeri 2017 - 2019 og hefur setið í afmælisnefnd hreyfingarinnar frá 2016.

Stefán býr í Eyjafjarðarsveit og er kvæntur Vöku Jónsdóttir, iðnrekstrarfræðingi og eiga þau tvær uppkomnar dætur.



Framboð til embættis umdæmisstjóra 109 A

Jóhanna Thorsteinsson, Lionsklúbbnum Eir

Lionsklúbburinn Eir býður fram Jóhönnu Thorsteinson til embættis umdæmisstjóra umdæmis 109A starfsárið 2019-2020 á Lionsþinginu 26.-27. apríl nk. í Reykjavík.

Jóhanna gekk í Lkl. Seyðisfjarðar 2014. Hún var kjörin fjölmiðlafulltrúi og formaður 2015-2016. Hún var umhverfis- og menningarfulltrúi í umdæmisstjórn 109A frá 2015. Hún var gjaldkeri umdæmisins 2017-2018 og hefur gegnt embætti 1. vara umdæmisstjóra 2018-2019. Hún fluttist til Reykjavíkur haustið 2016 og fluttist í Lkl. Engey í Reykjavík vorið 2017.

Í desember 2017 flutti hún sig yfir í Lkl. Eir í Reykjavík og er starfandi formaður klúbbsins. Jóhanna er fædd í Reykjavík 15. nóvember 1952.

Hún er uppeldis- og menntunarfræðingur að mennt og hefur lengst af starfað við skólalæsi, bæði í leikskólum og grunnskólum. Núna starfar hún sem íslenskukennari barna af erlendum uppruna við Vogaskóla í Reykjavík.

Vorið 2012 lauk hún námi í Leiðsögunámi Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og hefur starfað við leiðsögn meðfram kennslustörfum. Jóhanna hefur sótt Leiðtogaskóla Lions og tekið virkan þátt í störfum umdæmisstjórnar. Jóhanna á þrjú uppkomin börn og ellefu barnabörn. „



Framboð til embættis umdæmisstjóra 109 B

Bragi Ragnarsson, Lionsklúbbi Mosfellsbæjar

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar hefur með stolti samþykkt að bjóða félagi klúbbsins Braga Ragnarsson fram til að gegna embætti umdæmisstjóra 109 – B starfsárið 2019 – 2020.

Bragi gekk fyrst til liðs við klúbbinn í mars 1983 en vegna vinnu sinnar þurfti hann að hætta í maí 1990. Á þeim árum var Bragi meðal annars ritari klúbbsins og einnig svæðisritari. Bragi gekk svo aftur í klúbbinn í nóvember 2007. Síðan þá hefur Bragi verið gjaldkeri klúbbsins eitt starfsár og formaður tvö starfsár. Auk þess hefur hann verið mikil driffjöður í þeim nefndum sem hann hefur starfað.

2017-2018 var Bragi svæðisstjóri á svæði 1-2 og 2 varaumdæmistjóri. Á yfirstandandi starfsári er Bragi varaumdæmisstjóri. Hann hefur sótt fjölmörg umdæmis- og fjölumdæmisþing og tvö alþjóðþing. Á þessu ári sótti Bragi NSR þing í Noregi, og umdæmisstjórnarskóla í USA. Bragi hefur fengið ýmsar viðurkenningar fyrir sín störf og er Melvin Jones félagi.

Við teljum hann vel undirbúinn fyrir þetta embætti enda hefur hann mikla reynslu af trúnaðarstörfum fyrir bæði Lkl. Mosfellsbæjar og önnur félagasamtök.

Bragi er menntaður Vélfræðingur og Útgerðartæknir og starfar nú sem tæknistjóri skipa hjá Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf. áður Brim hf. í Reykjavík.

Bragi er kvæntur Bryndísi Jóhannsdóttur sem er stofnfélagi í Lkl. Úu Mosfellsbæ.



Framboð til embættis vara umdæmisstjóra 109 A

Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lionsklúbbum Dynkur

Lionsklúbburinn Dynkur býður fram félagi okkar, Jónas Yngva Ásgrímsson, til embættis varaumdæmisstjóra Lionsumdæmis 109A starfsárið 2019-2020.

Jónas gekk í Lionshreyfinguna 1984 þegar hann gerðist félagi í Lkl. Djúpavogs. Þar gengdi hann starfi ritara. Þegar hann flutti frá Djúpavogi 1985 tók við langt tímabil þar sem hann var ekki félagi í Lionshreyfingunni. Árið 2014 var Lionsklúbburinn Dynkur stofnaður og er Jónas einn af stofnfélögum klúbbsins. Jónas var í undirbúningsnefnd fyrir stofnun klúbbsins en einnig var hann formaður klúbbsins starfsárið 2016-2017, alþjóðafulltrúi 109A, annar varaumdæmisstjóri 2018-2019, LCIF fulltrúi hjá Dynk og eins hefur hann verið í Snitsel nefnd ásamt því að vera mjög virkur í starfi klúbbsins.

Jónas er fæddur 1963 á Blönduósi en ólst upp í Reykjavík. Hann er viðskiptafræðingur að mennt. Hann vinnur sem ráðgjafi hjá dk hugbúnaði ehf. en meðal annarra starfa má nefna Endurskoðunarskrifstofa ÞPJ ehf. og kennsla í viðskipta- og tölvugreinum hjá NTV, Tölvu- og verkfræðipjónustunni ehf. og Promennt ehf.

Áhugamál hans eru að vera afi, félagsstörf og tónlist, uppáhaldshljóðfæri er Ukulele. Auk þess að vera í Lkl. Dynk er hann félagi í Oddfellow stúkunnar nr. 28 Atla, stjórnarmaður í VR á suðurlandi og stjórnarmaður í Fishersetrinu á Selfossi.

Maki hans er Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólalastjóri Flúðaskóla og eiga þau 3 börn og 2 barnabörn.



Framboð til embættis vara umdæmisstjóra 109 B

Guðjón Andri Gylfason, Lionsklúbbum Hængur

Lionsklúbburinn Hængur hefur samþykkt samhljóða að bjóða félagi klúbbsins Guðjón Andra Gylfason fram til að gegna embætti annars varaumdæmisstjóra umdæmis 109-B starfsárið 2018 – 2019.

Andri gekk í Lionshreyfinguna 6. Mars 2013, hann var ritari klúbbsins starfárið 2014-2015, varaformaður 2016-2017 og formaður 2017-2018. Andri hefur verið virkur þátttakandi í nefndum innan klúbbsins m.a. formaður Hængsmótsnefndar, fjáröflunarnefndar og fræðslunefndar. Andri hefur jafnframt verið virkur þátttakandi á umdæmisvísu og var fyrir hönd svæðis sex, búðarstjóri í unglingskiptabúðum Lions MD109 sumarið 2016. Andri var ungmennafulltrúi 2016-2017, umdæmisritari 2017-2018 auk þess sem hann hefur starfað sem GLT-fulltrúi frá starfsárinu 2017-2018 til dagsins í dag. Þá hefur Andri verið einn kennara við leiðtogaskólann síðustu tvö starfsár og kennt námskeið á vegum umdæmisins. Á núverandi starfsári hefur Andri starfað sem 2. Varaumdæmisstjóri.

Andri er með M.sc. gráðu í lífefnafræði auk þess að vera með kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla frá Háskólanum á Akureyri. Andri hefur setið Leiðtogaskóla Lions á vegum MD109, en auk þess sótt Allí (Advanced Lions Leadership Institute) og FDI (Faculty Development Institute) á vegum LCI. Andri hefur sótt nokkur umdæmis- og fjöluumdæmisþing og eitt Alþjóðþing. Starfsárið 2017-2018 var Andra veitt viðurkenning (Leadership medal) Alþjóðaforseta fyrir störf sín sem GLT-fulltrúi og er Melvin Jones félagi.

Andri starfar sem Menntaskólakennari við Menntaskólann á Akureyri. Andri á tvær dætur, Emilíu Fönn sem starfar sem hjúkrunarfræðingur á SAK og Andreu Ösp meistarnema í mannaútsjórnun auk tveggja afabarna.



Framboð til embættis annars vara umdæmisstjóra 109 A

Þóra Bjarney Guðmundsdóttir, Lionsklúbbum Eir

Lionsklúbbur Eir býður fram félagi sinni, Þóra Bjarney Guðmundsdóttir, til embættis annars vara umdæmisstjóra 109A starfsárið 2019-2020.

Þóra varð lionsfélagi 13. febrúar 2006 í Lionsklúbbum Ýr, Kópavogi. Hún gekk til liðs við Lionsklúbinn Eir 5. febrúar 2018. Þóra Bjarney hefur gegnt ýmsum störfum innan lionshreyfingarinnar, m.a. verið ritari, formaður og svæðisstjóri auk margra annarra verkefna.

Ása Árnadóttir, ritari Lionsklúbbum Eir



Framboð til embættis annars vara umdæmisstjóra 109 B

Anna Fr. Blöndal, Lionsklúbbum Ylfa

Lionsklúbburinn Ylfa býður fram Önnu Fr. Blöndal í embætti annars vara umdæmisstjóra starfsárið 2019 – 2020. Anna hefur verið Lionsfélagi síðan 2014. Hún var gjaldkeri Ylfa starfsárið 2016 – 2017, varaformaður starfsárið 2017 – 2018 og er formaður klúbbsins á þessu starfsári 2018 – 2019. Anna hefur verið fulltrúi í GMT konur í Lions frá 2017. Anna hefur tekið virkan þátt í starfi klúbbsins og þeim verkefnum sem klúbburinn hefur unnið að og verkefnum hreyfingarinnar á landsvísi. Anna er tækniteiknari frá Iðnskólanum á Akureyri 1975 og lýsingarhönnuður frá Tækniskólanum 2012. Anna hefur unnið á Verkfræðistofunni Raftákni á Akureyri frá 1984. Maki hennar er Þórarinn Jóhannesson lögglumaður og húsasmiður.

F.h. LklYlfa MD109B, Soffía Pálmaðóttir formaður félaganefndar Ylfa.

Lionsklúbburinn Ýr, Kópavogi



við tókum að okkur, þó ekki séum við margar en nú horfum við á að okkur fari að fjölga og er það ánægjulegt. Við höfum aðventukvöld fyrir klúbbinn á heimili einhvers klúbbfélaga og svo sameiginlegan jólafund með Lionskl. Muninn. Ekki má gleyma einum merkasta liðnum í okkar starfi en það er samvinnan við Félag krabbameins sjúkra barna. Jólaskemmtun sem er haldin ár hvert á sama tíma og veitir okkur mikla ánægju að taka þátt í. Við höfum sagt frá þessu á hverju ári, svo ég ætla ekki að tíunda það frekar nú, en segja að þessi viðburður gefur okkur hina sönnu jólagleði. Af heimsóknum til okkar, þá komu eftir áramótin, frá fjölmæminu, annar vara umdæmisstjóri, svæðisstjóri sv. 8 og ritari svæðisstjóra. Var það ánægjuleg heimsókn. Við árin fengum ýmis merki og viðurkenningar fyrir störf okkar og veru í klúbbnum, eru margar búnar að vera í Lions 35 ár samfelld. Síðast en ekki síst hlaut ein okkar, Jórunn Guðmundsdóttir, forsetaorðu Lionshreyfingarinnar og er hún vel að henni komin.



Nú fer að síga á seinni hluta starfsárs, sem hefur á margan hátt verið öðruvísi en áður hefur verið. Það skapast fyrst og fremst af breytingu á húsnæði. Við höfum verið svo heppnar í gegnum tíðina að starfa í eigin húsnæði sem var það stórt að hægt var að hafa mjög mikla fjölbreytni í starfi, bæði í okkar klúbbi sem og samvinnu við karlklúbba Lions í Kópavogi. Nú eftir eitt ár á leigumarkaði til fundarhalda og skerta starfsgetu, erum við ásamt Lionsklúbbnum Muninn komnar í eigið húsnæði, ekki mjög stórt en bjart og fallett. Þar höfum við starfað frá því í október og gengið vel. Stærðin leyfir ekki stórar samkomur eins og kirkjukaffið fyrir eldri borgara, sem við höfðum sem fastan lið í mörg ár. En við lítum björtum augum frammávið. Við tókum þátt í leikskóla verkefninu, sem er tengt lestrarátakinu, fórum í alla leikskóla Kópavogs með gjafapakka og var okkur vel tekið bæði af börnum og starfsfólki. Einnig afhentum við bókamerki til grunnskólanna hér í bæ, ætluð fimmtu bekkjum. Við unnum í samvinnu við karlklúbbana í Kópavogi að blóðsykursmælingu í nóvember og gekk það

mjög vel eins og undanfarin ár. Eins vorum við með í gleraugna-söfnun sem var um allt land. Ýrarkonur standa þétt saman í öllu sem

Lionsklúbburinn Ýr fundar annan mánudag hvers vetrarmánaðar kl.18.45 að Rjúpnasölum 1, Kópavogi.

Þjóðum gesti velkomna á fund hjá okkur og kynnast starfinu.

*Með bestu kveðju frá Lionsklúbbnum Ýr,
Erla Sigurðardóttir, blaðafulltrúi*

Lionsklúbburinn Seyla Gagnleg gjöf til lífsbjargar

Lionsklúbburinn Seyla á Álftanesi afhenti á dögunum Safnaðarheimili Bessastaðasóknar hjartastuðtæki að gjöf. Safnaðarheimilið að Brekkuskógum á Álftanesi er nýtt undir ýmsa starfsemi bæjarfélagsins m.a. safnaðarfundir, móttaka eldri borgara, kóræfingar, mömmumorgna og lionsfundir Seylu. Í Lkl. Seylu eru skráðar 23 skemmtilegar og dugmiklar konur sem, eins og margir aðrir lionsklúbbar, hafa það að markmiði að láta gott af sér leiða. Formaður Seylu er Guðrún Gísladóttir og afhenti hún, ásamt Helgu Sigurðardóttur formanni verkefnanefndar Elínu Jóhannsdóttur formanni sóknarnefndar tækið. Karl Lúðvíksson frá Rauða krossi Íslands mætti á fundinn til að kenna á hjartastuðtækið. Karl hefur haldið ótlal skyndihjálparnámskeið um allt land á vegum Rauða krossins og fræddi konur einnig um ýmislegt varðandi skyndihjálpar s.s. hjartahnoð o.fl. Tækið er ótrúlega einfalt í notkun og leiðir mann í gegnum notkun á því með tali. Tæki sem þetta ætti að finnast á sem flestum opinberum stöðum enda getur notkun á því og rétt viðbrögð bjargað mannlífum.

RH



Lionsklúbbur Hólmavíkur



Lionsklúbbur Hólmavíkur bauð Kvenfélaginu Glæðum á Hólmavík til kaffisamsættis 1. febrúar. Samstarf hefur verið milli félaganna árum saman en nú er Lionsklúbburinn kominn með aðstöðu í Flugstöðinni og var ákveðið að bjóða kvenfélaginu í kaffi í tilefni dags Kvenfélagskonunnar og til að undirstrika þakklæti klúbbsins til Kvenfélagsins. Mættir voru sjö Lionsfélagar og níu kvenfélagskonur.

Klúbbfélagar mættu með veitingar og var boðið upp á margs konar kaffibrauð, hvítvín og sherry. Jóhann Björn setti fundinn og talaði um Dag Kvenfélagskonunnar. Jón E. Alfredsson rakti sögu samstarfs félaganna en Kvenfélagið á hús á Hólmavík og höfðu félagar í Lionsklúbbum aðstoða við að koma húsinu í stand og fengu þá „ævilanga“ aðstöðu í húsinu.

Ragnheiður Ingimundardóttir formaður Kvenfélagsins þakkaði boðið fyrir hönd félagsins og gat þess að aldrei áður hefði kvenfélaginu verið boðið í kaffi. Fór vel á með gestum og gestgjöfum og stóð boðið frá 18:30 til kl. 21:00.

María Játvarðardóttir, ritari



Lionsklúbbur Kópavogs 60 ára

Lionsklúbbur Kópavogs á 60 ára afmæli í Þrygjun maí n.k. Í tilefni afmælisins verður gefið út veglegt afmælisrit og sjálf afmælisveislan verður haldin 10. maí.

Klúbburinn hefur í gengum árin styrkt með öflugum hætti fjölda félagslegra verkefna í heimabyggðinni Kópavogi og ber þar hæst: Útgáfa Sögu Kópavogs, Kópasel barnaheimili sem afhent var bænum að gjöf, Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Rjóðrið hjúkrunar- og endurhæfingarheimili og nú standa yfir viðræður við Kópavogsbæ um endurreisn Kópavogsbýlisins sem yrði stærsta verkefni sem klúbburinn hefur ráðist í. Margt fleira mætti nefna sem of langt er upp að telja en það er mikill hugur í mönnum og sést það best á frábærri fundarsókn sem oftast er yfir 90% !!!!!.

Þá má nefna að klúbburinn hefur oft styrkt Alþjóðlega líknarsjóðinn (LCIF) myndarlega; 2018 greiddum við 500.000 og í ár var það 1 milljón og þótti okkur það við hæfi á ári Guðrúnar sem forseta hreyfingarinnar.

44 félagar eru í klúbbnum og reynum við að halda þeirri tölu eða sem næst henni og t.d. bættust 2 við í ár og 2 s.l. ár en á sama tíma hættu 2. Félaganefndin hjá okkur er mjög öflug og eru þeir ávallt á höttunum eftir nýjum félögum. Formaður er núna Eiríkur Þór Magnússon málaramestari og stjórnar hann klúbbnum með léttleika en þó festu eins og auðvitað á að gera.



Helstu fjáröflunarverkefni okkar eru Skötuveisla rétt fyrir jól, Herrakvöld í mars, grísjun skógar í Fljótshlíðinni sem við seljum síðan sem eldivið, gerð laxapoka og svona ýmis tilfallandi verkefni stór og smá. Þá tókum við myndarlega á sölu rauðu fjaðrarinnar þegar hún er í gangi. Félagar eru mjög virkir í starfinu og má segja að 34 – 36 séu ávallt tilbúnir til starfa er eftir því er leitað. Þó eru margir félagar á

áttaræðisaldri og yfir áttætt og á meðal okkar eru 3 stofnendur klúbbsins; Grétar Kristjánsson, Pétur Sveinsson og Sigurður Kjartansson.

Vorferð er farin á hverju vori og utanlandsferð á 2-3 ára fresti og eru þessar ferðir mjög vel sóttar.

*Með lionskveðju,
Einar G. Bollason*

Minning + Úlfar Eysteinnsson



Lions klúbburinn Njörður kveður góðan féлага

Okkar góði félagi Úlfar Eysteinnsson andaðist þann 10. október 2018 eftir stutt veikindi. Hann gekk í Lionsklúbbinn Njörð í október 1981 og hafði því verið meðlimur í 37 ár. Hann var einstaklega skemmtilegur og jákvaður félagi, hnyttinn í tilsvörum og ráðagóður. Alltaf reidubúinn að taka að sér hin ýmsu verkefni Njarðar, mörg krefjandi. Hann virkjaði ekki bara okkur Lions féлага sína þegar atburðir

voru fram undan heldur mætti með alla stórfjölskylduna hvort heldur var sjóstöng, keila eða jólaböll. Þá mætti hann með öflugan hóp vina sinna á Sviðaveisluna og helsta fjáröflunarkvöld Njarðar til velferðarmála, Herrakvöldið. Tvö síðast nefndu voru vart haldin að hann útbyggi ekki

síldar rétti og sviðin og setti saman matsæðilinn. Úlfar kom og með marga nýja féлага í Njörð þar á meðal Stefán son sinn og meðeiganda á Prem Frökkum, veitingastað sem Úlfar gerði frægan.

Úlfar var formaður Njarðar 1995 til 1996 auk þess að gegna störfum í fjölmörgum nefndum Njarðar. Fyrir þessi störf var hann gerður að Melvin Jones féлага árið 2000, ædstu viðurkenningu Lions á heimsvísu. Úlfar var vinmargur og kom víða við. Stundaði Sjóstangaveiði, var briddsspilari, akstursíþróttamaður, bílaáhugamaður og Frímúrari.

Við Njarðarfélagar minnumst Úlfars með söknuði og virðingu og sendum eiginkonu og börnum og öðrum ættingjum okkar innilegustu samúðar kveðjur.

*Fyrir hönd Lions klúbbsins Njarðar,
Arnar Hauksson Dr. Med,*

Lionsklúbburinn Ösp Akureyri



Asparkonur eru einstaklega duglegar að mæta bæði á stjórnar- og almenna fundi, og hafa annað slagð með sér gesti. Þannig freista þær þess að gestirnir sækist eftir því að koma oftast en einu sinni á fund, með það að markmiði að þær gangi að lokum í klúbbinn. Þá er mikilvægt að fundirnir séu skemmtilegir og segja má að til þess að svo verði séu Asparkonur einstaklega uppátækjasamar.

Yfir starfsárið sér hver nefnd um tvo fundi, mat og skemmtun. Dæmi um það er; bleikt þema í október, svart og silfur, galakvöld, leynivinaþema, upphaldshluturinn, æskuminning, ferðasaga, að koma með nestiskörfu og skiptast svo á, eða mæta með fallett bollapar. Á fundi í febrúar var öllum konum uppálagt að mæta í skrautlegum sokkum. Undirrituð hugsaði þorablótsnefndinni þegjandi þörfina þegar hún gramsaði í gegnum „fulla skúffu af engum sokkum til að fara í“. Líklega hefur eftirspurn eftir litríkum sokkum sjaldan verið meiri í sokkabúðum Akureyrarbæjar en þennan hrollkalda föstudag í febrúar. Uppátækið endaði með einhverjum skrautlegasta fótabúnaði spariklæddra kvenna í Akureyrarbæ í langa tíð.

Eins og annað Lionsfólk eru Asparkonur ákaflega stoltar af alþjóðaförsetanum okkar, Guðrúnu Björt Yngvadóttur. Þær biðu því með mikilli eftirvæntingu eftir að hitta hana kvöldstund í lok nóvember. Af því varð ekki, því eins og margir vita hófst eitthvert almesta

fannfergi í manna minnum á Akureyri kvöldinu áður en Guðrún Björt var væntanleg í Eyjafjörðinn. Þrátt fyrir ofankomu, sem ekkert lát var á umræddan dag og næstu daga á eftir, mættu allir sem á annað borð komust vegna ófærðar í sameiginlegan kvöldverð í Golfskálann til heiðurs henni.

Kvöldið var afar hátíðlegt og fjölmargar viðurkenningar veittar. Þar á meðal fékk Valgerður Bragadóttir formaður Lkl. Aspar sérstaka viðurkenningu frá Guðrúnu Björt fyrir öflugt leiðtogastarf. Einnig voru Ástríður Johnsen og María Ingadóttir tilnefndar af klúbbsysturum sínum til að hljóta orðu Melvin Jones. Allar eru konurnar vel að viðurkenningunum komnar.

Í tilefni heimsóknar Guðrúnar Bjartar í nóvember ætluðu Asparkonur að nota tækifærið og afhenda geisladeild SAK veglega peningaupphæð. Gjöfin var ætluð til kaupa á tæki sem auðveldar sérfræðingum sjúkrá hússins krabbameinsleit í brjóstum. Þar sem veður og færð voru ekki með besta móti varð ekkert af formlegri afhendingu þennan dag.

Þetta stendur hins vegar til bóta og Asparkonur gerðu sérstaka ferð til að kynna sér og ræða við sérfræðinga á geisladeild SAK um það besta sem í boði er. Enda vilja Asparkonur vanda valið þegar kemur að því að ákveða í



hvað afrakstur líknarstarfsins fer. En líknarstarf þarf ekki endilega alltaf að skila sér í beinhörðum peningum. Það sést best á þeim gæðastundum sem Asparkonur eyða í kaffispjall og bingóspil með eldri borgurum á dvalarheimilinu Lögmannshlíð. Þar skín gleði úr hverju andliti og það gefur.

Framundan er svo sala á rauðri fjöður. Asparkonur munu vitanlega ekki láta sitt eftir liggja í þeirri herferð. Afrakstur sölunnar mun verða nýttur til kaupa á augnbotnamyndavél... um.

Með góðri kveðju frá Lionsklúbbum Ösp á Akureyri,

Anna Sigríður Halldórsdóttir, svæðisstjóri á svæði 6 109B.

Petta er hægt

Fréttir af Lionsklúbbnum Víðarri

Í Lionsklúbbnum Víðarri hefur verið gott starf í vetur undir stjórn íformanns okkar Nielsar Árna Lund. Eitt af því sem hans stjórn stóð fyrir var að halda kynningarkvöld fyrir væntanlega nýja féлага. Að undirlagi Hjartar Aðalsteinssonar formanns veitinganefndar var ákveðið að kynningarkvöldið skyldi halda með viðhöfn og hafa nokkuð betra í matinn. Kótiletur skyldi það vera. Félögnum var uppálagt að taka með sér vini og vandamenn gjarnan aðeins yngri en þeir eru. Til dæmis syni og tengdasyni, svo dæmi séu tekin.

Mætingin á kótelettukvöldi var með afbrigðum góð, en tuttugu og þrír gestir mættu. Ekki voru önnur skemmtiatriði en að formaður Niels Árni sagði frá starfi klúbbsins, Jón Pálmason sagði frá sögu og starfi Lionshreyfingarinnar og hefðbundar gamansögur sagðar. En því má bæta við að allmargir góðir sögumenn eru til í klúbbnum. Einnig tóku gestir þátt í að halda uppi fjörinu. . Hið skemmtilegasta kvöld.



Nýju félagarnir eru 4, 5 og 7 frá hægri. Ásamt meðmælendum og félaganefnd.

Petta sýnir að það er hægt að bæta við félögum. Aðalatriðið að í klúbbnum sé gaman að vera og það er það svo sannarlega í Lionsklúbbnum Víðarri

Lkl Eir

Á fundinum þann 20. mars buðum við einnig dótturklúbbi okkar Lkl. Eir á fund okkar. Þessi fundur var afmælisfundur hjá þeim. Haft var vel við og bæði verið með fyrirlesara, skemmtiatriði og síðan var Niels Árni með gamanmál og söng. Camila Hallgrímsson einn stofnfélaga Lkl Eir var með hugljúfa sögu af starfi Lkl. Eirar.



Guðmundur S Guðmundsson segir skemmtisögu

Í framhaldinu gerðist það að nokkrir gestanna fara að koma á fundi og sýna klúbbnum okkar áhuga og hér í apríl gerist það síðan að 4 nýjir félagar ganga í klúbbinn og einn til viðbótar flyst til okkar frá Lkl Grindavíkur.

Viljum við benda á mikilvægi þess að klúbbar láti vita **þegar félagi þeirra flyst á annað svæði** og aðstoði viðkomandi í að komast í klúbb á nýja staðnum.



Formaður Niels Árni Lund fer með gamanmál



Nýju félagarnir 3 frá hægri, Kristinn og Einar. Með á myndinni eru meðmælendur og félaganefnd. Vara undæmissstjóri og formaður lengst til hægri

Á fundi okkar 6. mars gengu þeir í klúbbinn Kristinn Hjaltalín og Einar Þór Lárusson. Á þeim fundi var heimsókn varaundæmissstjóra Jónasar Yngva Ásgrímssonar. Tók hann þátt í athöfninni.

Á fundi okkar 20. mars, gengu í klúbbinn þeir Guðlaugur Jónsson, Gunnar Gunnarsson og Svavar Ottósson.



Camilla Th Hallgrímsson segir frá starfi Lkl. Eirar.



LION



We Serve
April 2019

